



---

BANKASÝSLA RÍKISINS

*Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins*  
*2020*



*Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins*  
*2020*

Desember 2020

## EFNISYFIRLIT

|  |           |
|--|-----------|
| <b>INNGANGUR</b> .....   | <b>5</b>  |
| <b>HELSTU VERKEFNI Á LIÐNU STARFSÁRI</b> .....   | <b>7</b>  |
| <b>TILLAGA UM SÖLU Á EIGNARHLUTUM Í ÍSLANDBANKA</b> .....                                  | <b>7</b>  |
| <b>VALNEFND SKIPUÐ</b> .....   | <b>9</b>  |
| <b>BANKASKATTUR LÆKKAÐUR</b> .....   | <b>9</b>  |
| <b>ERINDI ESA</b> .....  | <b>10</b> |
| <b>UPPFÆRÐ EIGANDASTEFNA</b> .....   | <b>10</b> |
| <b>FYRIRSPURN ÞINGMANNS UM HÖFUÐSTÖÐVAR</b> .....  | <b>11</b> |
| <b>PERSÓNUVERNDARFULLTRÚI STOFNUNARINNAR</b> .....   | <b>11</b> |
| <b>UPPLÝSINGABEIÐNI VARÐANDI VINNU VALNEFNAR</b> .....                                     | <b>12</b> |
| <b>SKÝRSLUSKIL BANKANNA</b> .....  | <b>13</b> |
| <b>ERINDI FRÁ FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTINU VARÐANDI ARÐSEMISKRÖFUR ÁRIÐ 2020</b> ..... | <b>13</b> |
| <b>ÖNNUR HEFÐBUNDIN STARFSEMI BANKASÝSLUNNAR</b> .....                                     | <b>15</b> |
| <b>LÖGBUNDIÐ HLUTVERK OG VERKEFNI</b> .....  | <b>15</b> |
| <b>EIGNARHLUTIR RÍKISINS</b> .....   | <b>15</b> |
| <b>FUNDIR HLUTHAFA</b> .....   | <b>16</b> |
| <b>SAMNINGAR VIÐ STJÓRNIR FYRIRTÆKJA</b> .....   | <b>17</b> |
| <b>TILLÖGUR UM FJÁRMÖGNUN OG SÖLU EIGNARHLUTA</b> .....                                    | <b>17</b> |
| <b>SAMKEPPNISSJÓNARMÍÐ</b> .....   | <b>17</b> |
| <b>FRAMKVÆMD EIGANDASTEFNU RÍKISINS</b> .....  | <b>18</b> |
| <b>MARKMIÐ RÍKISINS MEÐ EIGNARHALDI Í FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJUM</b> .....                        | <b>18</b> |
| <b>SKIPULAG EIGANDAHLUTVERKSINS</b> .....  | <b>20</b> |
| <b>MEGINREGLUR EIGANDASTEFNU</b> .....   | <b>21</b> |
| <b>STJÓRN OG STARFSMENN</b> .....  | <b>21</b> |
| <b>VALNEFND</b> .....  | <b>22</b> |
| <b>LISTI YFIR STJÓRNARMENN BANKASÝSLU RÍKISINS</b> .....                                   | <b>22</b> |

|  |           |
|--|-----------|
| <b>REKSTUR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Í EIGU RÍKISINS Á REKSTRARÁRINU 2019 .....</b> | <b>23</b> |
| <b>■ REKSTRARREIKNINGUR VIÐSKIPTABANKANNA.....</b>                           | <b>29</b> |
| <b>■ EFNAHAGSREIKNINGUR VIÐSKIPTABANKANNA .....</b>                          | <b>33</b> |
| <b>■ ÍSLANDBANKI HF. ....</b>  | <b>35</b> |
| <b>■ LANDSBANKINN .....</b>  | <b>37</b> |
| <b>■ SPARISJÓÐUR AUSTURLANDS HF. ....</b>                                    | <b>39</b> |

---

## Skilgreiningar

|              |   |
|--------------|---|
| FME          | Fjármálaeftirlitið                            |
| Íslandsbanki | Íslandsbanki hf.                              |
| Landsbankinn | Landsbankinn hf.                              |
| m.kr.        | Milljónir króna                               |
| ma.kr.       | Milljarðar króna                              |
| Seðlabankinn | Seðlabanki Íslands                            |
| TIF          | Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta |
| þ.           | Þúsund  |
| þús.kr.      | Þúsundir króna                                |
| VLF          | Verg landsframleiðsla                         |

---

## Inngangur

Bankasýsla ríkisins gefur nú í ellefta sinn út ársskýrslu sína í samræmi við ákvæði 8. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins. Í skýrslunni er fjallað um starfsemi stofnunarinnar fyrir árið 2019 og fram að aðalfundum þeirra fjármálafyrirtækja, sem hún fer með eignarhluti í, og haldnir voru á fyrri hluta ársins 2020.

Í töflu 1 má finna upplýsingar um eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, sem eru í umsýslu stofnunarinnar, og eigið fé hluthafa þeirra í árslok 2019. Þá nam hlutur ríkisins í eigin fé sem hluthafa þessara fjármálafyrirtækja samtals 428,6 ma.kr. Bókfært virði eignarhlutanna nam á ríkisreikningi samtals 340,3 ma.kr., eða 14,4% af samtals eignum ríkisins, sem námu 2.355,2 ma.kr. í árslok 2019. Voru eignarhlutir í Íslandsbanka og Landsbankanum bókfærðir á 0,8x hlutafjármargfaldara (e. price to book multiple).

Tafla 1: Eignarhlutir ríkisins í fjármálafyrirtækjum 31. desember 2019 (fjárhæðir í ma.kr.)<sup>1</sup>


| Eignir á ríkisreikningi | Eignarhlutur | Eigið fé hluthafa | Bókfært virði í ríkisreikningi | Hlutafjármargfaldari |
|-------------------------|--------------|-------------------|--------------------------------|----------------------|
| Íslandsbanki            | 100,0%       | 180,0             | 142,1                          | 0,8x                 |
| Landsbankinn            | 99,8%        | 247,7             | 197,7                          | 0,8x                 |
| Sparisjóður Austurlands | 49,5%        | <u>0,9</u>        | <u>0,5</u>                     | 1,0x                 |
| Samtals                 |              | 428,6             | 340,3                          |                      |
| Aðrar eignir ríkissjóðs |              |                   | <u>1.994,9</u>                 |                      |
| Samtals                 |              |                   | 2.355,2                        |                      |

Samanburður á eignarhaldi íslenska ríkisins á fjármálafyrirtækjum og annarra evrópskra ríkja sýnir að það er með því lang umfangsmesta í Vestur-Evrópu, eins og sést á mynd 1. Í árslok samsvaraði hlutur ríkisins í eigin fé viðskiptabanka 14,3% af VLF ársins og 38,7% af skuldum hins opinbera. Mynd 2 sýnir að þrátt fyrir að hlutur í eigin fé í árslok m.v. VLF hvers árs hafi farið lækkandi eftir að ríkissjóður eignaðist allt hlutafé í Íslandsbanka árið 2016, er það áfram gríðarlega umfangsmikið í sögulegu samhengi.


---

<sup>1</sup> Heimild: Ársreikningar fjármálafyrirtækjanna fyrir árið 2019, ríkisreikningur fyrir árið 2019. Eignarhlutur miðast við útstandandi hluti, en stofnunin fer með 98,2% af útgefnum hlutum í Landsbankanum.

**Mynd 1: Hlutar ríkissjóða í Evrópu í bókfærðu eigin fé viðskiptabanka í þeirra eigu í árslok 2019<sup>2</sup>**



**Mynd 2: Hlutar ríkissjóðs í bókfærðu eigin fé viðskiptabanka sem hlutfall af VLF 1997-2019**



<sup>2</sup> Heimild: Bankasýsla ríkisins, Hagstofa Íslands, Stative og ársskýrslur undirliggjandi banka. Bókfært eigið fé hluthafa og skuldir hins opinbera (Maastricht skilgreiningin) í árslok 2019 og verg landsframleiðsla (VLF) á árinu 2019.

---

## Helstu verkefni á liðnu starfsári

### Tillaga um sölu á eignarhlutum í Íslandsbanka

Með erindi til fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 4. mars 2020, sendi Bankasýsla ríkisins tillögu um að selja að lágmarki fimmtungshlut (20%) í Íslandsbanka hf. í svokölluðu samhliða sölufarli (e. dual track sale process), þar sem aðallega yrði stefnt að skráningu eignarhluta á skipulegum verðbréfamarkaði í kjölfar almenns útboðs, eða útboðsleið (e. IPO track), en til hliðar beinni sölu á hluta eða öllum eignarhlutum ríkisins í bankanum, eða uppboðsleið (e. M&A track). Tillagan var gerð með vísan í ákvæði i. og j. liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins, sbr. einnig ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Með tillögunni fylgdi ítarleg stöðuskýrsla stofnunarinnar sem ber nafnið *Eignarhald og sala á Íslandsbanka hf.: Stöðuskýrsla um fyrirhugaða sölumeðferð*.

Stöðuskýrslan var gerð á grundvelli ákvæða i. og j. liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins, en þar segir að það sé verkefni stofnunarinnar að gera tillögur til ráðherra um hvort og hvenær tilteknir eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum verða boðnir til sölu og að undirbúa og vinna slíkar tillögur. Í bréfi til ráðherra, dags. 18. desember 2019, sem jafnframt var kynnt ráðherranefnd um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins, upplýsti stofnunin um áform sín um að birta slíka skýrslu.

Aðdraganda skýrslunnar má rekja til útgáfu Hvítbókar um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið þann 10. desember 2018, sem gerð var á grundvelli sáttmála ríkisstjórnarinnar. Í sáttmálanum kom m.a. fram að eignarhald íslenska ríkisins á fjármálafyrirtækjum væri það umfangsmesta í Evrópu og að ríkisstjórnin vildi leita leiða til að draga úr því, en að hvítbókin yrði lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar áður en stefnumarkandi ákvarðanir yrðu teknar um fjármálakerfið. Um einum og hálfum mánuði eftir útgáfu hvítbókarinnar, eða þann 29. janúar 2019, gaf fjármála- og efnahagsráðherra munnlega skýrslu til Alþingis um hvítbókina. Þar kom m.a. fram í máli ráðherra „[að það yrði] síðan úrlausnarefni [sitt] ásamt með öðrum flokkum í ríkisstjórninni að fjalla nánar um, mögulega eftir tillögur frá [Bankasýslu ríkisins], hvaða skref kæmu til álitu varðandi aðgerðaáætlun um losun á eignarhaldinu.“

Í framhaldi af umræðum um hvítbókina á Alþingi átti Bankasýsla ríkisins fund með fjármála- og efnahagsráðherra, þann 19. mars 2019. Eftir fundinn, eða nánar tiltekið þann 4. apríl 2019, sendi stofnunin ráðherra bréf, þar sem fram kom að tillaga um að hefja sölumeðferð á eignarhlut í Íslandsbanka í samræmi við niðurstöður hvítbókar gæti legið fyrir í lok maí mánaðar. Þann 22. maí 2019 upplýsti Bankasýsla ríkisins ráðherra síðan um þá fyrirætlan sína að leggja fram drög að tillögu til ráðherra um að hefja sölumeðferð á eignarhlutum í bankanum á að lágmarki fjórðungshlut í svokölluðu samhliða sölufarli og yrði aðallega stefnt að tvíhliða skráningu hluta á skipulegum markaði í kjölfar almenns útboðs og til hliðar sölu á mögulega öllu hlutafé bankans með uppboði. Þann 18. júní og 25. júní 2019 kynnti svo stofnunin drög að slíkri tillögu fyrir ráðherranefnd um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins. Þann 20. ágúst 2019 sendi Bankasýsla ríkisins svo ráðherra minnisblað um framvindu málsins, sem stofnunin kynnti fyrir ráðherranefndinni daginn eftir. Í minnisblaðinu kom fram að á milli funda ráðherranefndarinnar hafi hlutabréfaverð evrópskra banka lækkað og arðsemi Íslandsbanka minnkað, og að sala á eignarhlutum á þeirri stundu myndi ekki afla söluandvirðis, sem væri nálægt bókfærðu virði á ríkisreikningi. Þá komu einnig fram í millitíðinni hugmyndir í fjölmiðlum um samruna Íslandsbanka og Arion banka.



Þann 21. október 2019 fór fram sérstök umræða á Alþingi um íslenskt bankakerfi og sölu á hlutum ríkisins í bönkunum. Þar lagði ráðherra, sem var til andsvars, áherslu á að gæta að heildarhagsmunum ríkisins: „Það er samtál sem við þurfum að eiga betur við Bankasýsluna, hvort við eigum að fara í einhvers konar skráningarferli, útboð eða hvort aðrar mögulegar leiðir séu heppilegri til að ná markmiðum okkar.“ Þá bætti ráðherra við: „Ég færi líka þau skilaboð inn í þessa umræðu að það er ekki alveg augljóst hvernig ríkið á að draga úr eignarhlut sínum í fjármálafyrirtækjum. Þar eru til ólíkar leiðir. Við þurfum að leita ráðgjafar hjá Bankasýslunni.“ Þá birti Íslandsbanki uppgjör fyrir fyrstu níu mánuði ársins þann 30. október 2019 en þar kom í ljós að arðsemi eigin fjár á þriðja ársfjórðungi var lægri (4,9%) en á fyrri helming ársins (5,4%). Í framhaldi af umræðunni á Alþingi um íslenska bankakerfið útbjó Bankasýsla ríkisins minnisblað fyrir fjármála- og efnahagsráðherra dags. 5. nóvember 2019, og átti fund með honum daginn eftir. Þar kynnti Bankasýsla ríkisins ráðherra greiningu stofnunarinnar á ýmsum leiðum til að ná settum markmiðum, sbr. ummæli ráðherra við umræður á Alþingi. Í minnisblaði stofnunarinnar var m.a. fjallað um kosti og galla þeirra hugmynda, sem ræddar höfðu verið, um mögulegan samruna Íslandsbanka og Arion banka og möguleika á fjármögnun sérstakra arðgreiðslna bankans með sölu eigna og rekstrareininga. Þá upplýsti Bankasýsla ríkisins ráðherra í bréfinu frá 18. desember 2019 að hún teldi rétt að gera ráð fyrir lengra sölufarli en áður var lagt upp með m.a. m.t.t. neikvæðrar þróunar á viðmiðum stofnunarinnar og markmiðum eigandastefnu ríkisins. Þá kom fram að stofnunin teldi rétt að stefna að sölu á lægri hlut nú, þ.e. að lágmarki einum fimmta, í stað að lágmarki einum fjórða sem upphaflega var áætlað, til að auka sveigjanleika við sölu. Þannig yrði t.d. unnt að skrá hlutina einungis á innlendum markaði undir útboðsleið og einnig líklegra að sérhæfðir fjárfestar, með sérþekkingu á rekstri fjármálafyrirtækja, taki þátt í uppboðsleið.

Í skýrslunni var fjallað ítarlega um undirbúning sölumeðferðar, sölumarkmið, söluaðferð og söluframkvæmd. Því til viðbótar voru ítarlegir viðaukar, til frekari rökstuðnings niðurstöðum í meginköflum skýrslunnar. Í þessu sambandi studdist stofnunin við markmið laga nr. 88/2009, meginreglur sölumeðferðar í lögum nr. 155/2012, niðurstöður Hvítbókar um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið og ákvæði núgildandi eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki. Þá leit stofnunin til sjónarmiða um sölumeðferð slíkra eignarhluta, sem fram koma í skýrslum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (e. OECD) og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Einnig var ljóst að sölumeðferð yrði hagað í samræmi við ákvæði sáttar við Samkeppniseftirlitið, sbr. ákvörðun nr. 9/2016 (Framsál Glitnis hf. á 95% hlutafjár Íslandsbanka hf. til Ríkissjóðs Íslands). Loks horfði Bankasýsla ríkisins til umsýslu og sölu eignarhluta annarra evrópskra ríkja í viðskiptabönkum.

Á stjórnarfundum þann 12. mars 2020 ákvað stjórn Bankasýslu ríkisins að afturkalla framangreinda tillögu í ljósi mikið breyttra aðstæðna í tengslum við aðgerðir ríkja heimsins í baráttu við COVID19 veiruna og verulegrar óvissu í efnahagsmálum. Erindi þess efnis var sent til fjármála- og efnahagsráðherra þann 16. mars 2020.

Í byrjun nóvember hófust aftur á móti samskipti á milli Bankasýslu ríkisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins um mögulega sölu á eignarhlutum í bankanum í ljósi breyttra aðstæðna frá því að stofnunin dró til banka tillögu sína. Þann 12. nóvember sl. sendi stofnunin svo minnisblað til ráðuneytisins þar sem hún reifaði sjónarmið sín um möguleg næstu skref í sölumeðferð eignarhluta í bankanum. Í minnisblaðinu kom m.a. fram að þróun á afkomu Íslandsbanka hafi verið betri en ætla mætti m.v. stöðu mála í miðjum mars mánuði, að sala gæti verið skilvirkari endurheimtuaðferð en aðrar aðferðir um þessar mundir, að hagspár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, OECD, Seðlabanka Íslands og Hagstofu Íslands bentu allar til hagvaxtar á næsta ári og að þróun á innlendum hlutabréfamarkaði hafi

verið jákvæð frá því að stofnunin afturkallaði tillögu sína. Í minnisblaðinu reifaði Bankasýsla ríkisins einnig mögulega áhættu og óvissu vegna sölu, eins og sveiflur á fjármálamörkuðum og á afkomu Íslandsbanka í náinni framtíð, umfang þátttöku alþjóðlegra fjárfesta og áhrif aðildar Íslands í MSCI Frontiers Markets vísitölunni, áhrif heimsfaraldurs kórónuveirunnar, árstíðarbundinnar inflúenzu og þróunar bóluafnis og loks fyrirhugaðar kosningar til Alþingis.

Á grundvelli þessarar greiningar Bankasýsla ríkisins var það niðurstaða stofnunarinnar að leggja til að hefja sölumeðferð eignarhluta í Íslandsbanka með frumútboði og innlendri skráningu en að ákvarða stærð útboðs ekki fyrir en undir lok sölumeðferðar þegar skýrari mynd lægi fyrir um afkomu bankans, þróun á fjármálamörkuðum og niðurstöðu fjárfestakynninga. Þann 3. desember sl. fundaði Bankasýsla ríkisins með ráðherranefnd um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins, þar sem stofnunin kynnti þessar fyrirætlanir sínar. Þann 17. desember sl. lagði svo stofnunin fram formlega tillögu til ráðherra að hefja sölumeðferð á eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka.

## Valnefnd skipuð

Þann 5. desember 2019 var valnefnd Bankasýslu ríkisins endurskipuð, sbr. ákvæði 7. gr. laga nr. 88/2009. Þórdís Ingadóttir, formaður, og Auður Bjarnadóttir voru endurskipaðar í eitt ár en Þórir Ágúst Þorvarðarson var skipaður í fyrsta sinn.

Samkvæmt sátt Bankasýslu ríkisins við Samkeppniseftirlitið vegna yfirtöku á Íslandsbanka hf. frá árinu 2016 er einstaklingum í valnefnd skylt að undirrita sérstaka yfirlýsingu um að nefndarmenn hafi kynnt sér sáttina og muni í störfum sínum fylgja ákvæðum hennar og samkeppnislaga og grípa ekki til aðgerða sem geta raskað samkeppnislegu sjálfstæði hlutaðeigandi fjármálafyrirtækja, bæði Auður og Þórdís höfðu ritað undir slíka yfirlýsingu áður og ritaði því Þórir undir slíka yfirlýsingu þann 12. desember 2019 sem var afhent Samkeppniseftirlitinu.

## Bankaskattur lækkaður

Í september 2019 var á Alþingi lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, nr. 155/2010, með síðari breytingum (skatthlutfall). Í því var lagt til að lækka sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki í nokkrum skrefum á fjórum árum.

Bankasýsla ríkisins sendi inn umsögn, dags. 10. október 2019. Í henni kom fram að í eldri umsögn stofnunarinnar hafi verið tekið fram að „[b]rátt fyrir að hafa ríkan skilning á fjárþörfum ríkissjóðs, getur Bankasýsla ríkisins einungis mælt fyrir hóflegu gjaldhlutfalli að teknu tilliti til allra þeirra gjalda sem lögð eru með þessum hætti á fjármálafyrirtæki“ og „[s]em umsýsluaðili stórra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum telur Bankasýsla ríkisins það almennt neikvæða þróun að auka skattheimtu á starfandi fjármálafyrirtæki“. Þá var tekið fram að stofnunin teldi það mjög mikilvægt, út frá sjónarmiðum umsýslu- og eigandahlutverksins, að opinbert gjaldaumhverfi fjármálafyrirtækja væri stöðugt og fyrirsjáanlegt um tölleverðan tíma. Miklar og örar breytingar á skattaumhverfi stuðli ekki að trausti og trúverðugleika fjármálamarkaðarins og geta haft neikvæð áhrif á eftirspurn og markaðsverð, sem íslenska ríkið getur mögulega fengið fyrir eignarhluti sína í fjármálafyrirtækjum, ef og þegar til sölu kemur. Bankasýsla ríkisins fagnaði því framkomnu frumvarpi og taldi það myndi vera til hagsbóta fyrir fjármálamarkaðinn, fyrir neytendur sem og íslenska ríkið sem eigandi að eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum.

Frumvarpið var samþykkt á Alþingi þann 4. desember 2019 og tóku gildi þann 1. janúar 2020. Með bandormi sem var samþykktur þann 30. mars 2020 á Alþingi var bráðabirgðaákvæði III fellt brott í lögunum og lækkun skattsins þar með flýtt.<sup>3</sup>

## Erindi ESA

Með erindi EFTA Surveillance Authority („ESA“), dags. 20. júní 2019, var kvörtun Arion banka vegna meintrar ríkisaðstoðar til handa Íslandsbanka og Landsbankans framsend á fjármála- og efnahagsráðuneytið til umsagnar. Taldi Arion banki að vegna framsetningar á fjárhagsupplýsingum varðandi bankaskatt hjá Íslandsbanka og Landsbankanum væri verið að veita þeim ríkisaðstoð.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 24. júní 2019, var óskað eftir því að Bankasýsla ríkisins hlutaðist til um viðbrögð við framangreindri kvörtun, eftir atvikum í samráði við viðkomandi fjármálafyrirtæki. Þann 27. júní 2019 óskaði stofnunin eftir viðbrögðum bankanna tveggja. Athugasemdir bárust frá Íslandsbanka þann 11. júlí 2019 og frá Landsbankanum þann 16. ágúst 2019.

Bankasýsla ríkisins veitti sínar athugasemdir við kvörtuninni með bréfi til ráðuneytisins, dags. 28. ágúst 2019. Í því var með ítarlegum hætti svarað öllum helstu málsástæðum Arion banka. Í megindráttum var það skýrt tekið fram að íslenska ríkið væri ekki að veita bönkunum tveimur neina fjárhagslega aðstoð með beinum eða óbeinum hætti, með framsetningu á fjárhagsupplýsingum þeirra í ársreikningum, uppgjörum og/eða kynningum. Bankasýsla ríkisins tók enn fremur fram að stofnunin hefði sett báðum bönkunum arðsemismarkmið með skriflegum samningum frá árunum 2010 og 2018, með breytingum. Í samningunum koma fram arðsemismarkmið sem eru sambærileg þeim sem markaðsaðilar setja sambærilegum fyrirtækjum og hefði framsetning fjárhagsupplýsinga bankanna engin áhrif þar á. Kvörtuninni var því mótmælt og talið að enginn grundvöllur væri fyrir henni.

## Uppfærð eigandastefna

Eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki sem nær til þeirra fjármálafyrirtækja sem Bankasýsla ríkisins hefur umsjón með var endurskoðuð í febrúar 2020.

Helstu breytingar eigandastefnunnar fólust í því að skýra áform ríkisstjórnar gagnvart einstökum félögum. Þannig væri nú stefnt að því að ríkið ætti verulegan eignarhlut í Landsbankanum til langframa. Markmiðið með eignarhaldinu væri að stjórnvöld hefðu ráðandi ítök í a.m.k. einni fjármálastofnun sem þjónustar almenning og fyrirtæki og hefði höfuðstöðvar hér á landi. Þannig tryggðu stjórnvöld að almenn, vönduð og traust fjármálaþjónusta standi öllum til boða óháð m.a. búsetu. Markmiðið með eignarhaldinu væri enn fremur að stuðla að stöðugleika í fjármálakerfinu, ásamt því að tryggja nauðsynlega og áreiðanlega innviði þess.

Þá væri stefnt að því að selja allan eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka þegar hagfelld og æskileg skilyrði eru fyrir hendi. Því til viðbótar var tekið fram að ekki yrði tekin ákvörðun um sölufarli á hlutum ríkisins í Landsbankanum fyrr en eftir að ríkið hefur selt allan eignarhlut sinn í Íslandsbanka.

---

<sup>3</sup> Gjaldhlutfall sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki átti því að lækka úr 0,376% niður í 0,318% fyrir árið 2020, 0,261% fyrir árið 2021, 0,203% fyrir árið 2022 og síðan framvegis 0,145% – en með tilstuðlan framangreinds bandorms var breytingunum flýtt og stendur það núna í 0,145%.

Að síðustu var tekið fram að stefnt skuli að sölu á minnihluta ríkisins í Sparisjóði Austurlands við fyrsta hentugleika og þegar það er hagstætt.

## **Fyrirspurn þingmanns um höfuðstöðvar**

Bankasýslu ríkisins barst erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dags. 11. nóvember 2019, varðandi fyrirspurn frá Birgi Þórarinssyni, þingmanni. Var óskað eftir milligöngu stofnunarinnar við að afla upplýsinga og svara.

Í svari stofnunarinnar til ráðuneytisins, dags. 5. desember 2019, kom fram að í fyrirspurninni mætti finna atriði, sem einungis Landsbankinn gæti upplýst um en stofnunin hafði sent fyrirspurnina á bankann og hafði svarbréf bankans borist 29. nóvember sl. Í fyrirspurninni voru einnig atriði, sem beindust að stofnuninni. Í þessu sambandi taldi stofnunin mikilvægt að hafa í huga, að það var bankaráð Landsbankans, sem tók ákvörðun um að reisa nýjar höfuðstöðvar við Austurhöfn. Af þeim sökum bæri bankaráðið ábyrgð á framkvæmdinni sem væri í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins og eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki.

Bankasýsla ríkisins tók fram í svari sínu að stofnunin hefði fengið upplýsingar um það á hverju ákvörðun bankaráðsins byggði. Þannig hefði bankaráðið leitað til utanaðkomandi sérfræðinga til að leggja mat á það hvaða valkostir væru í boði fyrir byggingu höfuðstöðva og hver af þeim kostum væri vænlegastur. Var það niðurstaða þessara sérfræðinga að bygging höfuðstöðva við Austurhöfn væri ákjósanlegasti kosturinn sem í boði væri. Bankasýsla ríkisins hefur komið sjónarmiðum sínum á framfæri við bankaráðið að mikilvægt væri fyrir Landsbankann að draga úr fjárhagslegri áhættu vegna byggingar nýrra höfuðstöðva, m.a. í ljósi þess að bankinn muni einungis nýta hluta af þeirri byggingu, sem verið er að reisa við Austurhöfn.

Varðandi einstök atriði í fyrirspurninni, þá var spurt um hvort fyrirhuguð framkvæmd væri gerð með samþykki Bankasýslu ríkisins. Til svars því var tekið fram að umrædd framkvæmd hefði aldrei verið borin undir hluthafafund bankans og hefði því framkvæmdin ekki komið til samþykktar eða synjunar Bankasýslu ríkisins. Þá var einnig spurt um hver væri skoðun stofnunarinnar á því hvort það kæmi til greina að falla frá umræddum byggingaráformum og selja lóðina. Til svars við því voru ítrekuð sjónarmið um að framkvæmdin væri alfarið á ábyrgð bankaráðs enda tæki stofnunin ekki þátt í daglegum rekstri bankans.

## **Persónuverndarfulltrúi stofnunarinnar**

Þann 15. júlí 2018 tóku gildi á Íslandi ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Var þar með leidd í lög persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins (e. GDPR) en um er að ræða einhverjar mestu breytingar sem sem gerðar hafa verið á persónuverndarlöggjöfinni í tvo áratugi. Með þeim lögum var ríkisstofnunum gert skylt að tilnefna persónuverndarfulltrúa.

Þann 15. maí 2019 barst erindi frá Persónuvernd. Í því var óskað eftir upplýsingum um hvort tilnefndur hefði verið persónuverndarfulltrúi stofnunarinnar. Erindinu var svarað 12. júní 2019 en persónuverndarfulltrúi stofnunarinnar er Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, lögmaður stofnunarinnar. Þessum upplýsingum var aftur komið á framfæri við Persónuvernd þann 20. ágúst 2019.

## Upplýsingabeiðni varðandi vinnu valnefndar

Þann 4. mars 2020 barst Bankasýslu ríkisins kvörtun þar sem óskað var eftir að hæfni kvartanda til stjórnarsetu í Íslandsbanka yrði metin á sama hátt og annarra einstaklinga sem valnefnd tilnefndi til stjórnar Bankasýslu ríkisins, varðandi stjórnarkjör í Íslandsbanka. Þann 16. mars 2020 óskað kvartandi með vísan til ákvæðis 15. gr. stjórnarsýslulaga eftir því að valnefnd og stjórn stofnunarinnar afhenti honum öll gögn málsins sem um hann vörðuðu. Þar komu fram sjónarmið m.a. um að valnefnd hefði brotið flestar meginreglur stjórnarsýslulaga við afgreiðslu sína á málinu, þ. á m. rannsóknarreglu 10. gr. laganna og jafnræðisreglu 11. gr. ásamt því að ekki hafi verið gætt að andmælarétti og réttar upplýsingar ekki gefnar um framgang málsins hjá nefndinni.

Erindi þessu var svarað með bréfi Bankasýslu ríkisins þann 18. mars 2020. Í því komu fram ítarlegar upplýsingar um vinnulag og málsmeðferðarreglur varðandi tilnefningar og stjórnarkjör í Íslandsbanka. Þá kom fram að Bankasýsla ríkisins lítur svo á að ákvörðun um val til stjórnarkjörs á aðalfundum fjármálafyrirtækja sem ríkið á eignarhluti í, sé ákvörðun byggð fyrst og fremst á einkaréttarlegum grunni, þ.e. nýtingu atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfaeign í viðkomandi hlutafélagi. Um sé að ræða ráðstöfun ríkisins á einkaréttarlegum hagsmunum en um þá ráðstöfun gilda að meginstefnu til lög nr. 2/1995 um hlutafélög og lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Því til viðbótar kom fram að ekki er um að ræða ráðningu í störf opinbers eðlis heldur eru viðkomandi valdir til kjörs á hluthafafundum í stjórnarstörf hjá viðkomandi hlutafélagum, en á þeim fundum fer stofnunin með tiltekinn atkvæðisrétt og nýtir hann í samræmi við ákvæði d. liðar 4. gr. laga nr. 88/2009. Þá liggur fyrir að ávallt er unnt að bjóða sig fram til setu í bankaráðum og stjórnnum fyrirtækja með því að senda valnefnd ferilskrá sína, sbr. ákvæði 4. mgr. 7. gr. laga nr. 88/2009, en stofnunin hefur þó stundum auglýst opinberlega eftir slíkum framboðum til þess að stuðla að sem flestum framboðum. Það er þó ekki eini hópurinn sem valnefnd hefur úr að velja en nefndin hefur heimild til þess að leita eftir einstaklingum að eigin frumkvæði, sbr. 3. mgr. 3. gr. starfsreglna valnefnda. Bankasýsla ríkisins lítur svo á að þeir sem bjóða sig fram til setu í fjármálafyrirtækjum sem ríkið á eignarhluti í, séu áfram áhugasamir, eða allt þar til þeir óska eftir því að upplýsingum um framboð þeirra sé eytt, sbr. 5. mgr. 6. gr. starfsreglna valnefndar. Með vísan til þessa hafnaði stofnunin ósk kvartanda um að afhenda öll gögn málsins sem vörðuðu hann á grundvelli ákvæða 15. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, þar sem ekki var tekin stjórnvaldsákvörðun sbr. ákvæði 2. mgr. 1. gr. nefndra laga, en á grundvelli ákvæða 14. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 voru kvartanda afhent umrædd gögn.

Í kjölfarið barst tölvupóstur frá kvartanda þann 18. og 23. mars 2020. Í þeim erindum var óskað eftir margvíslegum upplýsingum og svörum, m.a. óskað eftir öllum umsóknum annarra einstaklinga í valferlinu. Stofnunin svaraði þeim erindum með tölvupósti þann 30. mars 2020 og svaraði m.a. að Bankasýslu ríkisins berast ekki umsóknir vegna stjórnarkjörs. Aftur á móti gerði stofnunin ráð fyrir að ósk kvartanda lyti að framboðum annarra einstaklinga og gögnum þeim tengdum. Taldi stofnunin að um ósk kvartanda ættu upplýsingalög nr. 140/2012 að gilda. Var talið að ákvæði 9. gr. laganna ætti við, en þar segir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á, en slíkt samþykki lá ekki fyrir. Var því ósk kvartanda hafnað. Einnig óskaði kvartandi eftir greiningu og mati valnefndar á hæfni hans til setu í stjórn bankans. Um þá ósk var vísað til ákvæðis 5. tl. 6. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. einnig ákvæði 8. gr. laganna, og talið að gögn er lúta að mati valnefndar á einstaklingum og stjórnnum væru vinnugögn í framangreindum skilningi og þar með væru þau undanþegin upplýsingarétti almennings.

## Skýrsluskil bankanna

Bæði Íslandsbanki og Landsbankinn bera skyldu til að skila skýrslu stjórnar/bankaráðs um hvernig hún hafi unnið eftir ákvæðum og markmiðum samninga um almenn og sérstök markmið í rekstri. Skýrsla Íslandsbanka barst þann 25. febrúar 2020 og Landsbankans þann 27. maí 2020.

### *Íslandsbanki*

Í skýrslu Íslandsbanka kom fram að stjórn bankans leggi kapp á fylgni við eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki og telur starfsemi bankans samræmast þeim viðmiðum og markmiðum sem þar eru sett fram. Í kjölfarið var farið yfir í nokkuð ítarlegu máli í tíu liðum hvernig starfsemi og stefnumörkun bankans endurspegladist í nokkrum meginreglum eigandastefnunnar um:

- Jafnræði,
- Skýr ábyrgðarskil
- Vandaða og opna stjórnarhætti
- Sjálfstæði stjórnar
- Samfélagsleg markmið
- Stjórn skipuð hæfum einstaklingum
- Kynjajafnrétti
- Starfskjarastefnu
- Hlutlægni og jafnræði við innkaup

### *Landsbankinn*

Í skýrslu Landsbankans kom fram að í henni mætti finna helstu þætti í starfsemi Landsbankans sem fjallað væri um í samningi bankaráðs Landsbankans við Bankasýslu ríkisins frá 16. desember 2010. Skjalið byggir á sambærilegri samantekt sem send var Bankasýslu ríkisins í janúar 2017, vegna árána 2013 – 2015, mars 2018 fyrir árin 2016 og 2017 og mars 2019 vegna rekstrarársins 2018. Rekstrarárinu 2019 var nú bætt við.

Í skýrslunni kom m.a. fram að bankinn hefði gripið til ýmissa aðgerða til hagræða í rekstri, arðsemi hefði verið innan krafna stofnunarinnar, aðgerðir með hliðsjón af samfélagslegri ábyrgð og fleira.

## **Erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu varðandi arðsemiskröfur árið 2020**

Þann 20. mars 2020 barst Bankasýslu ríkisins bréf frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Efni bréfsins bar titillinn „*Arðgreiðslur fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins*“.

Í bréfinu komu fram nokkur markmið ríkisins með umsýslu eignarhluta í fjármálafyrirtækjum út frá eigandastefnu, m.a. um að hámarka langtímavirði fyrir ríkissjóð að teknu tillit til áhættu. Einnig var tekið fram að viðkomandi fyrirtæki skulu skila viðunandi arði til hluthafa að teknu tilliti til markaðsaðstæðna auk þess sem að arðsemi skuli byggjast á varkárum langtímasjónarmiðum en ekki skammvinnnum ávinningi. Síðan sagði í bréfinu að í ljósi aðstæðna af heimsfaraldri COVID-19 væri mikilvægt að Bankasýsla ríkisins og stjórnir banka horfi til inntaks eigandastefnu um arðsemi og

arðgreiðslur, um markaðsaðstæður - langtímavirði fremur en skammvinnis ávinnings og samfélagslegs ávinnings við gerð tillagna um arðgreiðslur á árinu 2020. Þá kom fram að: „Það er með vísun til fyrrgreindra þátta og með hliðsjón af viðbrögðum markaðsaðila undanfarið, að lagt er til við Bankasýslu ríkisins að horft verði framhjá kröfu um ávöxtun og arðgreiðslur á árinu 2020 og að þessum skilaboðum verði komið áfram til stjórnna fjármálafyrirtækja.“

Bréf þetta var sent til stjórnarformanns Bankasýslu ríkisins, sem bað síðan forstjóra stofnunarinnar að framsenda það til stjórnarformanna Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf., sem var gert þann sama dag í upplýsingaskyni.

Þann 1. apríl 2020 var bréfið síðan birt á heimasíðu ráðuneytis. Þar kom fram að: „Á grunni fyrrgreindrar eigandastefnu setur Bankasýslan fram, eftir atvikum, formlega eða óformlega arðsemiskröfu á eigin fé þessara fyrirtækja. Í samræmi við þessi tilmæli gera stjórnir þessara fjármálafyrirtækja áætlanir um arðgreiðslur til lengri tíma og árlega tillögur um arðgreiðslur sem lagðar eru fyrir hluthafafundi, en eins og að framan er greint er nú farið fram á að Bankasýslan horfi fram hjá kröfum um ávöxtun og arðgreiðslur á árinu 2020.“

---

## Önnur hefðbundin starfsemi Bankasýslunnar

### Lögbundið hlutverk og verkefni

Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins fer stofnunin með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnarsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma, og leggur þeim til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimildar í fjárlögum.

Stofnunin fer með allt hlutfé í Íslandsbanka og 98,2% útgefins hlutafjár og 99,8% útistandandi hlutafjár í Landsbankanum. Stofnunin fer jafnframt með 49,5% hlutafjár í Sparisjóði Austurlands hf.

Samkvæmt framangreindu lagaákvæði skal stofnunin í starfsemi sinni leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlends fjármálamarkaðar og stuðla að virkri og eðlilegri samkeppni á þeim markaði, tryggja gagnsæi í allri ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings.

### Eignarhlutir ríkisins

Samkvæmt ákvæði a-liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 á stofnunin að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum og skv. b-lið sama ákvæðis að sjá um samskipti ríkisins við þau og tengjast eigendahlutverki og skulu samskiptin fara fram í gegnum bankaráð og stjórnir fjármálafyrirtækjanna. Fundað er með nýjum stjórnarmönnum þegar þeir taka sæti í stjórn og þeim kynnt lög nr. 88/2009 og eigendastefna ríkisins

Starfsmenn Bankasýslu ríkisins eiga reglulega fundi með stjórnendum Íslandsbanka og Landsbankans í kjölfar birtingu á fjárhagsuppgjöri þeirra. Þá á stjórn stofnunarinnar alltaf árlegan fund með stjórn Íslandsbanka og bankaráði Landsbankans.



## Fundir hluthafa

Skv. ákvæði d-liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 fer stofnunin með atkvæði ríkissjóðs á hluthafafundum fjármálafyrirtækja. Bankasýsla ríkisins hefur rétt á því að tilnefna alla sjö fulltrúa í stjórn Íslandsbanka og alla sjö fulltrúa í bankaráð Landsbankans ásamt varamönnum. Stofnunin tilnefnir síðan tvo stjórnarmenn í Sparisjóði Austurlands hf. og einn varamann.

Á aðalfundi Íslandsbanka þann 19. mars 2020 fór Bankasýsla ríkisins með 100% atkvæðishlut. Á fundinum var samþykkt, þrátt fyrir langtímastefnu bankans um 40 - 50% arðgreiðsluhlutfall, að ekki yrði greiddur arður til hluthafa vegna ársins 2019, í ljósi óvissu af völdum fordæmalausra aðstæðna á fjármálamörkuðum. Jafnframt var samþykkt að stjórn bankans mætti kalla til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu 2020 þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára kynni að vera lögð fram.

Í stjórn bankans voru endurkjörin: Anna Þórðardóttir, Árni Stefánsson, Heiðrún Jónsdóttir og Hallgrímur Snorrason, sem jafnframt var kjörinn formaður stjórnar. Nýir stjórnarmenn sem hlutu kjör voru Flóki Halldórsson, Frosti Ólafsson og Guðrún Þorgeirsdóttir. Herdís Gunnarsdóttir var kjörin til áframhaldandi setu í varastjórn bankans. Óskar Józefsson var kjörinn nýr varamaður í stjórn bankans. Úr stjórn og vararstjórn fóru Friðrik Sophusson, Auður Finnbogadóttir, Tómas Már Sigurðsson og Pálmi Kristinsson. Einnig voru samþykktar allar aðrar tillögur eins og um óbreytta þóknun stjórnar og tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.

Ernst og Young ehf. var kjörinn endurskoðandi Íslandsbanka.<sup>4</sup>

Aðalfundur Landsbankans fór fram þann 22. apríl 2020. Bankasýsla ríkisins fór með 98,2% hlut í bankanum m.v. útgefna hluti og 99,7% m.v. útistandandi hluti þegar aðalfundur var haldinn, og eru því allir stjórnarmenn kjörnir af stofnuninni. Fundurinn samþykkti að arður yrði ekki greiddur vegna reikningsársins 2019. Voru eftirfarandi einstaklingar kjörnir í stjórn: Helga Björk Eiríksdóttir, stjórnarformaður, Berglind Svavarsdóttir, Einar Þór Bjarnason, Guðbrandur Sigurðsson, Hersir Sigurgeirsson, Sigríður Benediktsdóttir og Þorvaldur Jacobsen. Varamenn voru kjörnir Guðrún Ó. Blöndal og Sigurður Jón Björnsson.

Einnig voru samþykktar allar aðrar tillögur eins og um óbreytta þóknun stjórnar og tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.

PricewaterhouseCoopers ehf. var kjörinn endurskoðandi Landsbankans.

Aðalfundur Sparisjóðs Austurlands var haldinn þann 27. maí 2020. Á fundinum var samþykkt tillaga um að greiða ekki arð. Einnig var samþykkt tillaga um óbreytta þóknun stjórnar og tillaga stjórnar um starfskjarastefnu. Í stjórn Sparisjóðs Austurlands hf. voru kjörin þau Regína Fanný Guðmundsdóttir og Sigurður Hafsteinn Pálsson, sem eru fulltrúar Bankasýslu ríkisins. Aðrir stjórnarmenn eru Jón Einar Marteinson, Jón Björn Hákonarson og Jóna Árný Þórðardóttir. Varamenn eru Karl Óttar Pétursson og Guðmundur J. Skúlason.

KPMG ehf. var kjörinn endurskoðandi Sparisjóðs Austurlands.

---

<sup>4</sup> Hér skal tekið fram að vegna eignarhalds ríkisins á Íslandsbanka og Landsbankanum er Ríkisendurskoðun endurskoðandi bankanna, en með sérstökum samningi fer endurskoðunin fram af hálfu annarra endurskoðunarféлага.

## Samningar við stjórnir fyrirtækja

Skv. e-lið 4. gr. laga nr. 88/2009 á stofnunin að gera samninga við stjórnir hlutaðeigandi fjármálafyrirtækja sem hún fer með meirihluta í, þar á meðal um eiginfjárframlög og um sérstök og almenn markmið í rekstri þeirra og setja þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg vegna eiginfjárframlaga og birta útdrætti úr samningum opinberlega 12 mánuðum eftir að þeir hafa verið gerðir.

Þann 16. desember 2010 var gerður samningur um almenn og sértæk markmið í rekstri Landsbankans, sem er enn í gildi. Endurskoðun á þessum samningi er hafin og vonir gera ráð fyrir því að viðræðum við bankann ljúki á þessu ári. Gerður varð samningur við Íslandsbanka þann 20. desember 2018. Báðir þessi samningar eru aðgengilegir á heimasíðu stofnunarinnar.

## Tillögur um fjármögnun og sölu eignarhluta

Skv. g-lið 4. gr. laga nr. 88/2009 á stofnunin að gera tillögur til fjármálaráðherra um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja á grundvelli hlutverks og markmiða stofnunarinnar. Bankasýsla ríkisins lagði ekki fram tillögur um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja á árinu 2018.

## Samkeppnissjónarmið

Skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 88/2009 „skal [stofnunin] í starfsemi sinni og við meðferð eignarhluta ríkisins kappkosta að efla og styrkja samkeppni á fjármálamarkaði, m.a. með því að stuðla að því að öflug og virk samkeppni ríki milli fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins“.

Skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 88/2009 „skal þess [við starfsemi stofnunarinnar] vandlega gætt að trúnaðarupplýsingar um rekstur og starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja sem hún fær vitneskju um berist ekki til annarra fjármálafyrirtækja“.

Með yfirtöku íslenska ríkisins þann 31. janúar 2016 á 95% eignarhlut í Íslandsbanka hf. myndaðist tilkynningarskylda til Samkeppniseftirlitsins, sbr. ákvæði 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005, þar sem íslenska ríkið átti fyrir meirihluta í Landsbankanum og féll því yfirtakan undir samrunaákvæði nefndra laga. Í samstarfi við Bankasýslu ríkisins tilkynnti ráðuneytið um samrunann til Samkeppniseftirlitsins. Í kjölfar var gerð sátt við eftirlitið þann 11. mars 2016 og þann sama dag birtist ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2016 *Framsál Glitnis hf. á 95% hlutafjár Íslandsbanka hf. til Ríkissjóðs Íslands*. Á grundvelli framangreindrar sáttar við Samkeppniseftirlitið samþykkti stjórn Bankasýslu ríkisins verklagsreglur varðandi öflun, vörslu og miðlun upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum. Markmið þeirra er (a) að tryggja að öflun, varsla og miðlun upplýsinga af hálfu Bankasýslu ríkisins sé vönduð og hafi á engan hátt áhrif á samkeppni milli fjármálafyrirtækja sem hún fer með eignarhlut í og (b) að gæta þess vandlega að trúnaðarupplýsingar um rekstur og starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja sem hún fær vitneskju um berist ekki til annarra fjármálafyrirtækja. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar.

## Framkvæmd eigendastefnu ríkisins

Skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 88/2009, fer „Bankasýsla ríkisins [með] eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við.. eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma“. Skv. c-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð hafa eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins eins og hún er á hverjum tíma“.

Ný eigendastefna ríkisins var birt í júlí 2017 og uppfærð í febrúar 2020. Er stefnan fjórþætt og fjallar um markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum, skipulag eigandahlutverksins, meginreglur eigendastefnu og loks stjórnarhætti, kröfur og árangursviðmið. Verður hér fjallað um hvern þátt og hvernig Bankasýsla ríkisins hagaði starfsemi sinni á nýliðnu starfsári í samræmi við gildandi eigendastefnu.

## Markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum

Ef fyrst er litið til markmiða ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum, þá lýtur það að þremur þáttum, (i) markmiðum ríkisins sem eigandi, (ii) markmiðum um sölu og eignarhaldi til framtíðar og (iii) markmiðum um einstök félög.

Með markmiðum eiganda, eru það þrjú atriði, sem vega þyngst;

- að umsýsla eignarhalds og starfsemi fjármálafyrirtækja stuðli að trausti og trúverðugleika fjármálamarkaðar,
- að stuðla að samkeppni á fjármálamarkaði, og
- að hámarka langtíma virði fyrir ríkissjóð að teknu tilliti til áhættu.

Að mati Bankasýslu ríkisins hefur undanfarin misseri ríkt nokkur stöðugleiki við umsýslu eignarhluta í viðskiptabönkunum, fyrir utan nokkur atriði eins og Borgunarmálið, launakjör bankastjóra. Fram undan er aftur á móti töluverð óvissa í rekstri vegna samdráttar í landsframleiðslu og afleiðingum þess.

Arðgreiðslur undanfarin ár hafa verið stöðugar og góðar, en arðgreiðslur frá árinu 2013 og hlut íslenska ríkisins má sjá í töflu 2 hér á eftir. Þær hafa aftur á móti farið töluvert lækkandi frá árinu 2018 en skýringin að baki því er sú að hagnaður bankanna litaðist mun minna af jákvæðum einskiptisliðum og umfram eiginfé.

**Tafla 2: Arðgreiðslur Íslandsbanka og Landsbankans frá stofnun og hlutur ríkisins (fjárhæðir í ma.kr.)**

|                        | <u>Íslandsbanki</u> | <u>Landsbankinn</u> | <u>Samtals</u> |
|------------------------|---------------------|---------------------|----------------|
| <b>Arðgreiðslur</b>    |                     |                     |                |
| 2013                   | 3,0                 | 10,1                | 13,1           |
| 2014                   | 4,0                 | 20,2                | 24,2           |
| 2015                   | 9,0                 | 24,0                | 33,0           |
| 2016                   | 37,0                | 28,8                | 65,8           |
| 2017                   | 10,0                | 25,2                | 35,2           |
| 2018                   | 13,0                | 25,2                | 38,2           |
| 2019                   | 5,3                 | 9,9                 | 15,2           |
| 2020                   | <u>0,0</u>          | <u>0,0</u>          | <u>0,0</u>     |
| Samtals                | 81,3                | 143,4               | 224,7          |
| <b>Hlutur ríkisins</b> |                     |                     |                |
| 2013                   | 0,2                 | 9,9                 | 10,1           |
| 2014                   | 0,2                 | 19,7                | 19,9           |
| 2015                   | 0,5                 | 23,5                | 24,0           |
| 2016                   | 37,0                | 28,3                | 65,3           |
| 2017                   | 10,0                | 24,7                | 34,7           |
| 2018                   | 13,0                | 24,7                | 37,7           |
| 2019                   | 5,3                 | 9,9                 | 15,2           |
| 2020                   | <u>0,0</u>          | <u>0,0</u>          | <u>0,0</u>     |
| Samtals                | 66,2                | 140,7               | 206,9          |

Sölu- og eignarhalds markmið íslenska ríkisins skv. eigandastefnu skiptast í þrjú viðfangsefni:

- að ásættanleg skilyrði séu fyrir hendi áður en eignarhlutir verða seldir,
- að gætt sé að langtímahagsmunum að teknu tilliti til áhættu og
- að stuðlað verði að heilbrigðu eignarhaldi til lengri tíma.

Í stefnunni segir að eignarhlutir ríkisins verði ekki seldir fyrr en skilyrði á fjármálamarkaði séu hagfelld og æskileg, líklegt að kaupendur séu til staðar og viðkomandi fyrirtæki sé tilbúið til sölu. Líta skuli til eftirfarandi þátta áður en lokaákvörðun um sölu er tekin, þ.a. að fjármagnsuppbygging og rekstur viðkomandi fjármálafyrirtækis sé í ákjósanlegu jafnvægi, að aðgreining áhættu af mismunandi starfspáttum sé viðunandi og getu markaðarins til þess að kaupa eignarhlutinn, m.a. út frá framboði. Í stöðuskýrslu stofnunarinnar frá 2016 og 2020 varðandi eignarhald og fyrirhugaða sölu á Landsbankanum hf. og Íslandsbanka komu fram fjögur efnahagsleg viðmið Bankasýslu ríkisins varðandi það að hefja ferli að sölu á eignarhlutum, sett fram í því skyni að tryggja að fyrirsjáanlegt væri að ríkissjóður myndi hámarka endurheimtur fjárframlaga sinna.

Viðmiðin eru:

- Að íslenskt efnahagslíf hafi styrkst og náð stöðugleika.
- Að virðismat á fjármálafyrirtækjum sé ásættanlegt.
- Að fjárfestar hafi áhuga og bolmagn á fjárfestingu í eignarhlut.
- Að rekstur, afkoma, fjárhagsskipan og stjórnarhættir viðkomandi fjármálafyrirtækis bendi til þess að fjármálafyrirtækið geti talist álitlegur fjárfestingarkostur.

Stofnunin mun áfram nýta framangreind viðmið sín við að sinna frumkvæðishlutverki komi til sölu, sbr. ákvæði laga nr. 155/2012 um sölumeðferð á eignarhlutum íslenska ríkisins í fjármálafyrirtækjum, enda er mikill samhljómur á milli markmiða í eigandastefnu og nefndra viðmiða.

Öðrum markmiðum eru síðan lýst nánar í eigandastefnunni á bls. 6-7, m.a. um að gætt sé að langtímahagsmunum að teknu tilliti til áhættu og stuðlað sé að heilbrigðu eignarhaldi til lengri tíma. Sérstaka athygli mun stofnunin veita þeim undirmarkmiðum að leitast skuli við að hámarka langtímavirði eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum að teknu tilliti til arðsemi í rekstri þeirra, arðgreiðslna, söluverðs eignarhluta og annarra þátta sem máli skipta ásamt að meta reglulega stöðu og áhættu ríkisins af eignarhaldi á meiri hluta íslenskra fjármálafyrirtækja. Að sama skapi mun stofnunin leitast við að ná því markmiði að stuðla að heilbrigðu eignarhaldi með sölumeðferð, en að mati hennar verður því best náð með dreifðu og fjölbreyttu eignarhaldi.

Í eigandastefnu íslenska ríkisins eru nákvæm markmið varðandi Landsbankann, Íslandsbanka og Sparisjóð Austurlands. Í fyrsta lagi kemur þar fram að ríkið stefni að því að eiga verulegan eignarhlut í Landsbankanum til langframa. Markmið sé að stjórnvöld hafi ráðandi ítök í a.m.k. einni fjármálastofnun sem þjónustar almening og fyrirtæki og hefur höfuðstöðvar hér á landi. Þannig telja stjórnvöld að tryggt sé að almenn, vönduð og traust fjármálaþjónusta standi öllum til boða, óháð m.a. búsetu. Markmiðið með eignahaldi á Landsbankanum er ennfremur að stuðla að stöðugleika í fjármálakerfinu, ásamt því að tryggja nauðsynlega og áreiðanlega innviði þess. Jafnframt kemur fram að ekki verður tekin ákvörðun um sölufarli á neinum hlut ríkisins í Landsbankanum fyrr en eftir að ríkið hefur selt allan eignarhlut sinn í Íslandsbanka. Í öðru lagi segir að stefnt sé að því að selja allan eignarhlut í Íslandsbanka þegar hagfell og æskileg skilyrði séu fyrir hendi. Í þriðja lagi segir að stefnt sé að því að selja 49,5% eignarhlut ríkisins í Sparisjóð Austurlands um leið og hægt er enda ekki markmið ríkisins að halda eignarhlutnum til framtíðar.

### **Skipulag eigandahlutverksins**

Eins og fram kemur í eigandastefnu ríkisins er hlutverk þess gagnvart fjármálamarkaðnum þrjúþætt: (a) stefnumótunarhlutverk, (b) eftirlitshlutverk og (c) umsýsla eignarhluta. Með lögum um Bankasýslu ríkisins og eigandastefnunni hefur Bankasýslu ríkisins verið falin umsýsla eignarhluta. Með eigandastefnu ríkisins og stofnun Bankasýslu ríkisins voru eftirlitshlutverk og eigandahlutverk ríkisins því aðskilin.

Seðlabankinn fer með eftirlitshlutverk á fjármálamarkaði. Alþingi og fjármála- og efnahagsráðuneytið fara með stefnumótunarhlutverkið gegnum lagasetningu, frumvarpasmíð, reglugerðir ofl. Hefur því Bankasýsla ríkisins sem umsýsluaðili eignarhluta í fjármálafyrirtækjum stundum aðra sýn á málefni fjármálafyrirtækja heldur en eftirlitsaðilar. Gerir stofnunin t. að m. athugasemdir við íþyngjandi lagaákvæði í umsögnum um lagafrumvörp og gerir aðrar kröfur um rekstrarhagkvæmni og

upplýsingagiöf en eftirlitsaðilar. Bankasýsla ríkisins leggur mikla áherslu á að eiga gott samstarf við framangreindar stofnanir.

## Meginreglur eigandastefnu

Í eigandastefnunni segir að til þess að ná fram nauðsynlegu jafnvægi milli markmiða eiganda með rekstri félagsins, almennra sjónarmiða stjórnar og stjórnenda um reksturinn og þeirra sérsjónarmiða sem leiða af hinu opinbera eignarhaldi félagsins séu settar fram tilteknar meginreglur varðandi rekstur og verkefni fjármálafyrirtækjanna. Meginreglunum er í fyrsta lagi ætlað að marka ramma um meðferð á eignarhaldi, í öðru lagi að skýra samskiptaleiðir eiganda, í þriðja lagi að vera stjórnarmönnum og stjórnendum leiðarljós við störf og í fjórða lagi að markmið og meginreglur eiganda varðandi stjórnun og stjórnarhætti verði aðgengilegar almenningi. Meginreglurnar eru tíu og hljóða eftirfarandi:

1. Jafnræðis skal gætt í samskiptum eigenda og milli eigenda og félags.
2. Viðhafa skal skýr ábyrgðarskil og stjórnunarlegan aðskilnað milli eiganda og félags, sem og milli stjórnar og stjórnenda.
3. Viðhafa skal vandaða og opna stjórnarhætti við stjórn félags.
4. Stjórn félags skal vera sjálfstæð í störfum sínum og bera ábyrgð á starfsemi og rekstri félagsins gagnvart eiganda sínum.
5. Félagið skal starfa í samræmi við eigandastefnu og árangursviðmið eiganda.
6. Félagið skal vinna að þeim samfélagslegu markmiðum sem eigandi stefnir að með eignarhaldinu.
7. Stjórn félags skal skipuð hæfum einstaklingum, því sem næst jafnmörgum konum og körlum, með góða menntun og haldgóða reynslu sem hæfir á viðkomandi sviði.
8. Félagið skal setja sér starfskjarastefnu sem er samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi.
9. Félagið skal stefna að því að auka samkeppni og draga úr fákeppni með starfsemi sinni.
10. Félagið skal gæta hlutlægni og jafnræðis við innkaup og ráðstöfun eigna og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir.

## Stjórn og starfsmenn

Yfirstjórn Bankasýslu ríkisins er í höndum þriggja manna stjórnar, sem skipuð er af fjármála- og efnahagsráðherra. Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri stofnunarinnar, skv. 2. gr. laga nr. 88/2009.

Í stjórn Bankasýslu ríkisins sitja þau Lárus L. Blöndal, formaður, Margrét Kristmannsdóttir og Vilhjálmur Bjarnason sem aðalmenn og Krístrún Heimsdóttir sem varamaður. Voru aðalmenn endurskipaðir 14. ágúst 2019, en Krístrún kom inn sem nýr varamaður fyrir Hildi Dungal. Skipunartími er til 15. ágúst 2021.

Forstjóri Bankasýslu ríkisins er Jón G. Jónsson. Forstjóri mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar og annast daglega stjórn hennar ásamt því að ráða starfslíð. Hann ber ábyrgð gagnvart stjórninni á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, skv. 3. gr. laga nr. 88/2009.

Karl Finnbogason er sérfræðingur stofnunarinnar í eignastýringu. Hann hefur eftirlit með eignum í umsjá Bankasýslu ríkisins, tekur þátt í að framfylgja eigandastefnu ríkisins, sér um regluleg samskipti stofnunarinnar við fjármálafyrirtæki, sem hún fer með eignarhluti í, sér um upplýsingagiöf til eiganda og greiningu á fjárhag og rekstri fjármálafyrirtækjanna.

Póroúlfur Heiðar Þorsteinsson er lögfræðingur stofnunarinnar. Hann veitir ráðgjöf varðandi ýmis lögfræðileg málefni sem varða Bankasýslu ríkisins og starfsemi hennar, m.a. samningagerð, rekstur stjórnsýslumála, ritun minnisblaða, umsagna um lagafrumvörp og annarra lögfræðilegra skjala.

## **Valnefnd**

Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar þriggja manna valnefnd, sem gerir tillögu um stjórnarmenn fyrir hönd ríkisins þegar tilnefna þarf í stjórnir fyrirtækja á forræði stofnunarinnar, sbr. 7. gr. laga nr. 88/2009.

Valnefnd Bankasýslu ríkisins skipa þau Þórdís Ingadóttir, formaður, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík og Auður Bjarnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent og Þórir Ágúst Þorvarðarson.

## **Listi yfir stjórnarmenn Bankasýslu ríkisins**

### **Íslandsbanki**

Hallgrímur Snorrason, stjórnarformaður  
Heiðrún Jónsdóttir, varaformaður  
Anna Þórðardóttir, meðstjórnandi  
Árni Stefánsson, meðstjórnandi  
Frosti Ólafsson, meðstjórnandi  
Guðrún Þorgeirsson, meðstjórnandi

Varamenn kosnir í stjórn Íslandsbanka voru Herdís Gunnarsdóttir og Óskar Jósefsson.

Flóki Halldórsson sagði sig úr stjórn Íslandsbanka í nóvember og tók Herdís Gunnarsdóttir stöðu aðalmanns í stjórninni.

### **Landsbankinn**

Helga Björk Eiríksdóttir, stjórnarformaður  
Berglind Svavarsdóttir, varaformaður  
Einar Þór Bjarnason, meðstjórnandi  
Guðbrandur Sigurðsson, meðstjórnandi  
Sigríður Benediktsdóttir, meðstjórnandi  
Þorvaldur Jacobsen, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn Landsbankans eru Guðrún Ó. Blöndal og Sigurður Jón Björnsson.

Hersir Sigurgeirsson sagði sig úr stjórn Landsbankans í nóvember.

### **Sparisjóður Austurlands hf.**

Regína Fanný Guðmundsdóttir, varaformaður  
Sigurður H. Pálsson, meðstjórnandi

Varamaður í stjórn Sparisjóðs Austurlands hf. er Guðmundur J. Skúlason.

---

## Rekstur fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins á rekstrarárinu 2019

### Rekstrarárið 2019

Þrátt fyrir spár um annað reyndist hagvöxur á árinu 2019 jákvæður um 1,9%. Afkoma viðskiptabankanna á árinu 2019 var jákvæð um 26,7 ma.kr. og nam arðsemi eiginfjár hluthafa þeirra 6,3% sem var undir þeim fjárhagslegu markmiðum sem bankarnir og hluthafinn gerði til þeirra á árinu en ávöxtunarkrafa ríkisins samsvarar 5,0% álagi ofan á áhættulausa vexti, sem skilgreindir eru sem innlánsvextir fjármálafyrirtækja í Seðlabankanum. Skattar og önnur gjöld höfðu eins og áður hefur verið rætt talsverð áhrif á arðsemi þeirra og eiginfjárkröfur sem fjármálaeftirlitið gerir til þeirra voru einnig ríkar á liðnu ári. Frá 1. september 2019 breyttist bæði almennt og breytilegt iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Iðgjaldið sem var 0,225% lækkaði í 0,02% af öllum innstæðum upp að 10 ma.kr. en 0,16% af innstæðum umfram það. Breytilega iðgjaldið reiknast af almenna iðgjaldinu og lækkaði það því samsvarandi. Virðisrýrnun útlána var neikvæð stærð á liðnu ári eftir að hafa verið jákvæð um margra ára skeið og fjáreignir skiluðu einnig verulegum fjárhæðum inn í uppgjörið. Allt benti því til þess að bankarnir væru að sigla inn í rekstrarumhverfi sem væri meira í takt við hefðbundna viðskiptabankastarfsemi þótt framundan væru áskoranir til að mæta aukinni samkeppni fjártæknifyrirtækja og lífeyrissjóða auk áframhaldandi hagræðingar í rekstri.

### COVID-19

En skjótt skipast veður í lofti. Eftir nokkuð góða lendingu á árinu 2019 og væntingar um betri tíð þá skall COVID 19 á heimsbyggðinni. Ísland var þar engin undantekning og þrátt fyrir góða stöðu bankanna þá er ljóst að afkoma þeirra á árinu 2020 verður augljóslega lakari en á liðnu ári. Endurskoðaðar hagvaxtarspár bankanna sem komu út í maí gefa til kynna að samdráttur á árinu 2020 kunni að verða allt að 9% og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Standard & Poor gera ráð fyrir samdrætti hér á landi á bilinu 7-8% og á heimsvísu um 3%. Ný spá Seðlabankans gerir enn fremur ráð fyrir því að samdráttur á þessu ári verði 8,0%.

Erfitt er að spá fyrir um framhaldið og ekki síst er erfitt fyrir bankana að leggja mat á vænta virðisrýrnun útlána eins og nýr reikningsskilastaðall IFRS 9 kveður á um. Fyrsti fjórðungur ársins bar ofangreindu ástandi merki en bankarnir töpuðu tæpum 5 ma.kr. á tímabilinu, tap af fjáreignum nam 4,3 ma.kr. og virðisrýrnun nam 8,7 ma.kr. sem er meiri virðisrýrnun en á rekstrarárinu 2019.

Til að mæta þessu hefur Seðlabankinn gripið til margvíslegra aðgerða sem léttir á bönkunum og gerir þá betur í stakk búna að aðstoða fyrirtæki og einstaklinga í gegnum það óveður sem nú geisar. Hafa meginvextir bankans þannig lækkað úr 3% um áramót niður í 1,0% þann 20. maí sl. og hafa aldrei verið lægri. Einnig hafa stjórnvöld gripið til aðgerða af áður óþekktri stærðargráðu til að bregðast við vandanum og til að mynda var sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki lækkaður úr 0,376% niður í 0,145% á fyrsta fjórðungi en áður hafði verið stefnt að því að skatturinn yrði lækkaður í þrepum fram til 2023. Jafnframt tóku bankarnir ákvörðun um að ráðast ekki í arðgreiðslur sem fyrirhugaðar voru vegna rekstrarársins 2019 alls að fjárhæð 13,6 m.kr. en bankarnir hafa greitt hluthöfum sínum arð á hverju ári frá árinu 2014.

Íslenskar fjármálastofnanir standa því afar vel að vígi með sínu háu eiginfjár- og lausafjárhlutföll og skuldsetning hins opinbera og einstaklinga og fyrirtækja er einnig í sögulegu samhengi lítil. Allt hjálpar þetta til við úrlausn málsins.



Hér á eftir er farið yfir rekstur og þróun efnahags bankanna vegna rekstrarársins 2019 en líkt og kom fram í inngangi þá liggur fyrir að rekstrarárið 2020 verður erfitt rekstrarár hjá innlendum fjármálastofnunum.

### Afkoman versnaði um 3,2 ma.kr. milli ára 2018 og 2019

Hagnaður Íslandsbanka og Landsbankans hf. nam 26,7 ma.kr. á samstæðugrunni eftir skatta og lækkar um 3,2 ma.kr. á milli ára. Hreinar vaxtatekjur hækka um 0,6 ma.kr. eða um 0,8%. Hreinar þjónustutekjur hækka um 1,2 ma.kr. eða um 5,9%. Virðisbreytingar útlána voru neikvæðar að um 8,4 ma.kr. en voru jákvæðar um 2,9 ma.kr. á síðasta ári. Fjármunatekjur voru 7,2 ma.kr. en voru 0,7 ma.kr. á síðasta ári. Einfalt meðaltal arðsemi viðskiptabankanna árið 2019 nam 6,3% en 2018 var arðsemin 6,9%.

Samfara miklum hagnaði síðastliðin ár hefur eigið fé viðskiptabankanna aukist mikið. Samanlagt nam það 427,8 ma.kr. í lok árs 2019 en eigið fé viðskiptabankanna í lok árs 2018 nam 415,9 ma.kr. Umtalsverðar arðgreiðslur áttu sér stað á liðnu ári en Landsbankinn greiddi 9,9 ma.kr. og Íslandsbanki 5,3 ma.kr. í arð til hluthafa. Hagnaður Íslandsbanka var 8,5 ma.kr. og arðsemin 5,0% og hagnaður Landsbankans var 18,2 ma.kr. og arðsemin 7,5%.

**Tafla 3: Rekstrarafkoma Íslandsbanka og Landsbankans hf. 2014 til 2019 (fjárhæðir í m.kr.)**

| Hagnaður eftir skatta | Íslandsbanki | Landsbankinn |
|-----------------------|--------------|--------------|
| 2015                  | 20.578       | 36.460       |
| 2016                  | 20.158       | 16.643       |
| 2017                  | 13.226       | 19.766       |
| 2018                  | 10.645       | 19.260       |
| 2019                  | 8.454        | 18.235       |

| Arðsemi eigin fjár* | Íslandsbanki | Landsbankinn |
|---------------------|--------------|--------------|
| 2015                | 10,5%        | 14,2%        |
| 2016                | 9,1%         | 6,5%         |
| 2017                | 7,7%         | 7,9%         |
| 2018                | 6,3%         | 7,9%         |
| 2019                | 5,0%         | 7,5%         |

\*Útreikningar m.v. meðalstöðu eigin fjár hluthafa

Sveiflur vegna virðisbreytinga útlána svo og aðrir óreglulegir liðir, eins og þeir sem varða lögmæti gengistryggðra lána, hafa litað uppgjör viðskiptabankanna frá stofnun þeirra. Bankasýsla ríkisins hefur því frá upphafi kosið að horfa meira á „grunnrekstur“, þ.e. reglulegan rekstur og kjarnarekstur.

Áður en áfram er haldið verður farið yfir þá mælikvarða sem Bankasýsla ríkisins hefur notað síðustu ár til að meta árangur viðskiptabankanna. Mælikvarðarnir í töflu 4 lýsa betur rekstrarhæfi til framtíðar og auðvelda samanburð á rekstrarafkomu milli ára, þar sem einskis- og óreglulegir liðir eru ekki taldir með við mælingu á rekstrarárangri. Mælikvarðarnir eru eftirfarandi:

**Tafla 4: Skilgreiningar Bankasýslunnar á reglulegum rekstri og kjarnarekstri banka**

| Hugtak                    | Skilgreining   |
|---------------------------|--|
| <b>Reglulegur rekstur</b> | Reglulegur rekstur (reglulegar tekjur – reglulegur kostnaður).<br>Reglulegar tekjur eru hreinar vaxtatekjur og hreinar þjónustutekjur. Reglulegur kostnaður er laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður, gjöld í TIF og afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna. |
| <b>Kjarnarekstur</b>      | Reglulegur rekstur auk fjármunatekna.<br>Til fjármunatekna telst hagnaður eða tap af veltufjáreignum og hagnaður eða tap af fjáreignum tilgreindum á gangvirði.  |

Skilgreiningarnar eru ekki gallalausar og takmarkast við opinberar tölur úr ársreikningum innlánsstofnana. Auk þess sem áherslumunur, en ekki eðlismunur, er í rekstri viðskiptabankanna, t.d. varðandi áhrif dótturfélaga á uppgjör samstæðu.

Umdeilanlegt er hver sé grunnrekstur banka og þannig hentar mæling á afkomu af kjarnarekstri betur fyrir banka sem reisa afkomu sína að töluverðum hluta á fjárfestingarbankastarfsemi og ráðstafað hafa verulegum hluta eigna sinna í starfsemi þar að lútandi. Hins vegar eru vaxta- og þjónustutekjur hvað stöðugastar og ekki jafn næmar fyrir sveiflum á markaði líkt og fjármunatekjur. Því má draga þá ályktun að banki, sem hefur háa arðsemi af reglulegum rekstri, hafi stöðugan og öruggan tekjugrunn. Lítil munur ætti að vera á milli reglulegs rekstrar og kjarnarekstrar hjá bönkum, sem einbeita sér að hefðbundnum bankarekstri.

Í greiningunni sem hér fer á eftir er notast við framangreindar skilgreiningar á rekstri, auk eftirfarandi kennitalna sem hafa verið skilgreindar í töflu 4 hér að framan.

**Tafla 5: Kennitölur í rekstri**

| Rekstrar- og afkomuhugtak                | Skilgreining  |
|--|---|
| Arðsemi reglulegs rekstrar:              | (Reglulegar tekjur – Reglulegur kostnaður – Reiknaðir skattar)/Meðalstaða eigin fjár                  |
| Arðsemi kjarnarekstrar:                  | (Reglulegar tekjur + fjármunatekjur – Reglulegur kostnaður – Reiknaðir skattar)/Meðalstaða eigin fjár |
| Hlutfall innlána af útlánum:             | Innlán viðskiptavina/Útlán viðskiptavina  |
| Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar:    | Reglulegur kostnaður/Reglulegar tekjur  |
| Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar:        | Reglulegur kostnaður/(Reglulegar tekjur + fjármunatekjur)   |
| Kostnaður sem hlutfall af heildareignum: | Reglulegur kostnaður/Meðalstaða eigna   |
| Meðalstaða eigin fjár:                   | Meðaltal eigin fjár í upphafi og lok árs  |
| Meðalstaða eigna:                        | Meðaltal eigna í upphafi og lok árs   |
| Vaxtamunur:                              | Hreinar vaxtatekjur/Meðalstaða eigna  |


Árið 2019 voru reglulegar tekjur (hreinar vaxta- og þjónustutekjur) að meðaltali 94,9% rekstrartekna. Síðastliðin fimm ár hefur vegið meðaltal reglulegra tekna bankanna legið á bilinu 81,3% til 94,9% af rekstrartekjum og meðaltal fjármunatekna sem hlutfall af rekstrartekjum legið á bilinu 0,7% til 16,8%. Í þessu samhengi ber að líta til þess að bankarnir hafa haldið á mismunandi stórum stöðum í fjármálagerningum, fjárfestingareignum og fjárfestingum í hlutdeildarfélögum sem hlutfall af eignum. Í árslok nam staða Íslandsbanka í fjármálagerningum, fjárfestingaeignum og fjárfestingum í hlutdeildarfélögum samtals 6,4% af heildareignum bankans (fimm ára meðaltal: 6,3%) samsvarandi hlutfall hjá Landsbankanum var 10,4% (fimm ára meðaltal: 13,5%).

### Afkoma af reglulegum rekstri viðskiptabankanna að aukast milli 2018 og 2019

Hagnaður af reglulegum rekstri viðskiptabankanna jókst á milli árunna 2018 og 2019 um 1,2 ma.kr. sem samanbórið við 3,5 ma.kr. aukningu á milli árunna 2017 og 2018. Afkoma af reglulegum rekstri bankanna batnar því á milli tímabila. Hreinar vaxtatekjur hækka um 0,6 ma.kr. eða um 0,8%. Hreinar þjónustutekjur jukust um 1,2 ma.kr. eða um 5,9%. Gjöld af reglulegri starfsemi stóðu nánast í stað á milli ára.

Á mynd 3 má sjá hagnað og arðsemi Íslandsbanka og Landsbankans af reglulegum rekstri síðastliðin fimm ár.


**Mynd 3: Hagnaður og arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatt 2014-2019 (m.kr.)**



Sjá má að arðsemi reglulegs rekstrar hefur legið á bilinu 4,6% til 8,0% og að hagnaður af reglulegum rekstri eftir reiknaða skatta hækkar á milli árunna 2018 og 2019 rétt eins og á milli árunna 2017 og 2018.

Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta árið 2018 nam 8,2% hjá Íslandsbanka og 7,8% hjá Landsbankanum. Þegar söguleg arðsemi viðskiptabankanna er skoðuð, sem og innbyrðis arðsemi þeirra á milli, verður að taka tillit til þess að eigið fé viðskiptabankanna hefur hækkað mikið frá árslokum 2009 og er misjafnt milli banka. Á móti kemur að herra eigið fé ætti að gera bönkunum kleift að halda á útlánum með herra áhættuvægi og hærri vaxtatekjum. Þróun arðsemi reglulegs rekstrar einstakra banka má sjá á mynd 4 hér á eftir.


**Mynd 4: Arðsemi reglulegs rekstrar 2014 - 2019**



Af myndinni má sjá að þróun arðsemi reglulegs rekstrar samkvæmt framangreindri skilgreiningu er misjöfn milli bankanna. Arðsemi Landsbankans hefur lagast jafnt og þétt frá árinu 2014 en er 7,8% á árinu 2019 og lækkar því frá fyrra ári en þá var arðsemin 8,2%. Skýringuna er að finna í hreinum vaxtatekjum sem lækka um rúman milljarð á milli ára. Arðsemi Íslandsbanka hækkar og fer úr 7,0% í 8,2%. Meginskýringin liggur í hærri vaxtatekjum og þjóstutekjum sem aukast um tæpa 3 ma.kr.

Annar mælikvarði er kjarnarekstur. Á mynd 5 má sjá afkomu af kjarnarekstri eftir skatta.

**Mynd 5: Hagnaður og arðsemi kjarnarekstrar bankanna eftir reiknaða skatta 2014-2019 (m.kr.)**




Hagnaður af kjarnarekstri viðskiptabankanna var að meðaltali 35,0 ma.kr. á ári síðastliðin fimm ár á meðan hagnaður af reglulegum rekstri var 30,0 ma.kr. Þannig hefur afkoma kjarnarekstrar verið umtalsvert betri enda tekið tillit til fleiri tekjupátta.

Afkoma viðskiptabankanna af kjarnarekstri nam 39,3 ma.kr. á árinu 2019 og hækkar um rúma 7 ma.kr. á milli ára. Á meðan afkoma Íslandsbanka var nánast sú sama af reglulegum rekstri og kjarnarekstri var umtalsvert meiri sveifla á milli þessara liða hjá Landsbankanum þar sem afkoma af reglulegum rekstri versnaði um tæpan 1,0 ma.kr. en fjármunatekjur hækkuðu um 6,4 ma.kr.

Arðsemi kjarnarekstrar var 9,4% á árinu 2019 og arðsemin því heldur meiri en af reglulegum rekstri. Arðsemi kjarnarekstrar hjá Íslandsbanka var 7,8% og hjá Landsbankanum var arðsemin 10,5%. Á mynd 6 hér á eftir má sjá þróun arðsemi kjarnarekstrar fyrir einstaka banka sl. fimm ár.

**Mynd 6: Arðsemi kjarnarekstrar 2015-2019**



## ■ Rekstrarreikningur viðskiptabankanna


### Aukning í vaxtatekjum

Vaxtatekjur eru stærsti tekjuliður bankanna og hafa breytingar í vaxtaumhverfi og verðbólgu því mikil áhrif á afkomu bankanna. Hreinar vaxtatekjur stjórnað aðallega af fjárhæð vaxtaberandi útlána, vaxtamun útlána og fjármögnunar ásamt verðbólgu ársins. Hreinar vaxtatekjur bankanna námu samtals 73,3 ma.kr. árið 2019 en voru 72,5 ma.kr. árið áður og aukast um 0,8% á milli ára.

Bankarnir eiga meira af verðtryggðum eignum heldur en skuldum og því hefur meiri verðbólga jákvæð áhrif á hreinar vaxtatekjur til hækkunar. Meðalvísitala neysliverðs hækkaði um 3,0% yfir árið 2019. Eins og nefnt var hér að framan þá er verðtryggingarjöfnuður allra bankanna þriggja jákvæður. Verðtryggingarjöfnuður Landsbankans var jákvæður um 129,2 ma. kr. í lok ársins 2019, sem þýðir að 1,0% hækkun á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar á ári skilar 1,3 ma.kr. aukningu í hreinum vaxtatekjum Landsbankans. Verðtryggingarjöfnuður Íslandsbanka var 9,3 ma.kr. Samtals er verðtryggingarjöfnuðurinn jákvæður um 138,5 ma.kr. hjá í lok árs 2019 og 1,0% hækkun á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar þýðir því 1,4 ma.kr. aukningu í hreinum vaxtatekjum.

Vaxtamunur bankanna hefur einnig áhrif og hann má mæla á marga vegu. Algengt er að hann sé mældur sem hreinar vaxtatekjur ársins sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna á árinu. Mynd 7 hér að neðan sýnir þróun á þessu hlutfalli síðastliðin 5 ár:

### Mynd 7: Vaxtamunur viðskiptabankanna 2015 - 2019



Veginn meðal vaxtamunur bankanna árið 2019 nam 2,9% en var 3,1% á árinu 2018. Á mynd 7 sést þróun vaxtamunar einstakra viðskiptabanka eftir árum. Hár vaxtamunur bankanna í samanburði við erlenda banka skýrist m.a. af miklu eigin fé, sem ekki ber vaxtakostnað eins og önnur fjármögnun.

### Vöxtur í þjónustutekjum

Hreinar þjónustutekjur viðskiptabankanna hækkðu um 1,2 ma.kr. eða um 5,9% á milli 2018 og 2019. Hækkunin liggur öll hjá Íslandsbanka á meðan þjónustutekjur Landsbankans voru nánast óbreyttar á milli ára. Tafla 6 hér að neðan sýnir þróun þjónustutekna síðastliðin fimm ár.

Tafla 6: Þróun þjónustutekna viðskiptabankanna 2015 - 2019 (m.kr.)

|                     | <u>2015</u>  | <u>2016</u>  | <u>2017</u>  | <u>2018</u>  | <u>2019</u>  |
|---------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| <b>Íslandsbanki</b> | 13.170       | 13.723       | 13.750       | 12.227       | 13.359       |
| <b>Landsbankinn</b> | <u>6.841</u> | <u>7.809</u> | <u>8.431</u> | <u>8.157</u> | <u>8.219</u> |
| <b>Samtals</b>      | 20.011       | 21.532       | 22.181       | 20.384       | 21.578       |

Eins og sjá má í töflunni eru þjónustutekjur Landsbankans lægri en Íslandsbanka. Meginástæða þess er sú að Borgun hefur verið hluti af samstæðu Íslandsbanka. Hins vegar er ekkert kortafyrirtæki hluti af samstæðu Landsbankans. Hlutfall þjónustutekna af reglulegum rekstrartekjum var 28,4% hjá Íslandsbanka en 17,2% hjá Landsbankanum.

### Fjármunatekjur og aðrar tekjur

Hreinar fjármunatekjur Íslandsbanka og Landsbankans námu samanlagt 7,1 ma.kr. á árinu 2019 á móti 0,7 ma.kr. á árinu 2018. Til fjármunatekna telst hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði


og hagnaður (tap) af veltufjáreignum og - skuldum. Fjármunatekjur Landsbankans hafa verið að meðaltali 6,0 ma.kr á ári sl. fimm ár en 0,3 ma.kr. kr. að meðaltali á ári hjá Íslandsbanka. Fjármunatekjur árið 2019 voru 8,0 ma.kr. hjá Landsbankanum en –0,8 ma.kr. hjá Íslandsbanka. Hreinar fjármunatekjur ráðast annars vegar af hversu stórar stöður eru í fjármálagerningum og hins vegar hvaða ávöxtun bankarnir hafa af þeim. Fjármálagerningar síðastliðin fimm ár hafa numið að meðaltali 13,5% af heildareignum Landsbankans en aðeins 6,3% hjá Íslandsbanka. Það kemur því ekki á óvart að Landsbankinn hefur alla jafna verið með hærri hreinar fjármunatekjur en Íslandsbanki.

Aðrar tekjur viðskiptabankanna námu 3,2 ma.kr. árið 2019 samanborið við 5,2 ma.kr. árið 2018.

## Gjöld

Reglulegur rekstrarkostnaður bankanna, eins og hann er skilgreindur hér að framan, hefur aukist að nafnvirði sl. fimm ár um 10,4% en dregist saman að raunvirði um 1,6% að teknu tilliti til verðbólgu yfir sama tímabil. Stærstur hluti rekstrarkostnaðar bankanna er launakostnaður og annar rekstrarkostnaður.

**Mynd 8: Reglulegur rekstrarkostnaður viðskiptabankanna 2015 - 2019 (m.kr.)**




Þegar kostnaður af reglulegum rekstri sem hlutfall af reglulegum tekjum eins og skilgreint var hér að framan er skoðaður þá kemur eftirfarandi mynd í ljós.

Á mynd 9 má sjá kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar bankanna. Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar er 61,7% hjá Íslandsbanka en 50,1% hjá Landsbankanum. Dótturfélag Íslandsbanka, Borgun, hefur hér umtalsverð áhrif á kostnaðarhlutfallið.




**Mynd 9: Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar 2015 - 2019**



Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar horfir bæði á tekjur og kostnað. Einnig er unnt að skoða kostnað sem hlutfall af meðalstöðu eigna. Rekstrarkostnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af meðalstöðu eigna var 2,7% hjá Íslandsbanka og 1,9% hjá Landsbankanum. Mynd 10 sýnir þróun á þessu hlutfalli milli ára hjá bönkunum sl. fimm ár.

**Mynd 10: Reglulegur kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna 2015 - 2019**




Kostnaðarhlutfallið lækkar hjá Íslandsbanka en hækkar hjá Landsbankanum á milli ára. Hér þarf að hafa í huga þann eðlismun sem er á Landsbankanum og Íslandsbanka, þ.e. Borgun hefur verið hluti af efnahagsreikningi Íslandsbanka sem skapar umtalsverðar þjónustutekjur og kostnað, en hlutfallslega litlar eignir standa á bak við.

## ■ Efnahagsreikningur viðskiptabankanna

### Eignir viðskiptabankanna

Eignir viðskiptabankanna voru 2.625,8 ma.kr. í árslok 2019 og jukust að nafnvirði um 6,9% en að raunvirði um 4,9% á milli ára. Útlán viðskiptabankanna voru sem fyrr stærsti eignaflokkur á efnahagsreikningi bankanna og samsvaraði 77,7% af heildareignum þeirra. Handbært fé og innistæður voru 8,2% af efnahagsreikningi bankanna, fjármálagerningar 8,6%, lán til lánastofnana voru 3,9% og aðrar eignir 1,6%. Óveruleg breyting varð á þessum hlutföllum á milli ára.


**Mynd 10: Hlutfallsleg samsetning eigna viðskiptabankanna 2015 – 2019**



### Skuldir og eigið fé

Landsbankinn og Íslandsbanki voru í lok árs 2019 fjármagnaðir af innlánnum viðskiptavina og innlánsstofnana 53,5%, með eigin fé 16,3% og með lántökum og öðrum skuldum 30,0%. Vægi innlána og eigin fjár minnkar á milli ára og lántaka eykst.

**Mynd 11: Fjármögnun viðskiptabankanna 2015 – 2019 (ma.kr.)**



### **Eiginfjárhlutfall**

Eiginfjárhlutfall Landsbankans hækkaði á milli ára og var 25,8% á móti 24,9% í lok árs 2018. Eiginfjárpáttur 1 var 23,9% en var 23,6% árið áður. Eiginfjárhlutfall Íslandsbanka var 22,4% en var 22,2% í lok árs 2018. Eiginfjárpáttur A hjá Íslandsbanka lækkaði úr 20,3% í 19,9%.

## ■ Íslandsbanki hf.

Hagnaður Íslandsbanka nam 8,5 ma.kr. árið 2019 og dróst hagnaður bankans saman um 2,2 ma.kr. milli ára en hagnaðurinn nam 10,6 ma.kr. á árinu 2018. Afkoma grunnrekstrar eða reglulegs rekstrar nam 14,4 ma.kr. en var 12,3 ma.kr. 2018. Hreinar vaxtatekjur voru 33,7 ma.kr. en voru 31,9 ma.kr. árið 2018. Þóknatekjur voru 13,3 ma.kr. og hækkuðu um 1,1 ma.kr. á milli ára. Laun og launakostnaður hækkaði um 0,8 ma.kr. á milli ára og annar rekstrarkostnaður nam 9,8 ma.kr. og lækkaði um 1,0 ma.kr. á milli ára. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna nam 2,9% árið 2019 rétt eins og á árinu 2018.

**Tafla 10: Reglulegur rekstur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)**

|  | 2019          | 2018          | 2017          | 2016          | 2015          |
|--|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Hreinar vaxtatekjur                              | 33.676        | 31.937        | 29.999        | 31.802        | 28.010        |
| Hreinar þjónustutekjur                           | 13.359        | 12.227        | 13.750        | 13.723        | 13.170        |
| <b>Samtals reglulegar tekjur</b>                 | <b>47.035</b> | <b>44.164</b> | <b>43.749</b> | <b>45.525</b> | <b>41.180</b> |
| Laun og launatengd gjöld                         | 16.279        | 15.500        | 15.810        | 14.789        | 13.891        |
| Annar rekstrarkostnaður                          | 9.868         | 10.838        | 10.713        | 10.260        | 9.061         |
| Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna | 1.960         | 1.312         | 1.022         | 372           | 808           |
| Framlag í Tryggingarstjóð innstæðueigenda        | 936           | 1.173         | 1.083         | 1.063         | 1.067         |
| <b>Samtals reglulegur kostnaður</b>              | <b>29.043</b> | <b>28.823</b> | <b>28.628</b> | <b>26.484</b> | <b>24.827</b> |
| Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta        | 17.992        | 15.341        | 15.121        | 19.041        | 16.353        |
| Afkoma af reglulegum rekstri eftir skatta        | 14.394        | 12.273        | 12.097        | 15.233        | 13.082        |
| Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatta          | 10,2%         | 8,7%          | 8,6%          | 10,2%         | 8,6%          |
| Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta          | 8,2%          | 7,0%          | 6,8%          | 8,2%          | 6,8%          |
| Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar             | 61,7%         | 65,3%         | 65,4%         | 58,2%         | 60,3%         |

Hreinar fjármunatekjur Íslandsbanka voru neikvæðar um 0,8 ma.kr. á árinu 2019 en en voru neikvæðar um 1,0 ma.kr. árið 2018. Afkoma af kjarnarekstri eftir skatta nam 13,7 ma.kr. og batnar um 2,2 ma.kr. vegna bættrar afkomu reglulegs rekstrar milli ára.

**Tafla 11: Kjarnarekstur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)**

|  | 2019          | 2018          | 2017          | 2016          | 2015          |
|--|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatt   | 17.992        | 15.341        | 15.121        | 19.041        | 16.353        |
| Hreinar fjármunatekjur                     | -817          | -962          | -715          | -90           | 3.881         |
| Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt        | 17.175        | 14.379        | 14.406        | 18.951        | 20.234        |
| <b>Afkoma af kjarnarekstri eftir skatt</b> | <b>13.740</b> | <b>11.503</b> | <b>11.525</b> | <b>15.161</b> | <b>16.187</b> |
| Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt         | 9,8%          | 8,2%          | 8,2%          | 10,2%         | 10,6%         |
| Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt         | 7,8%          | 6,5%          | 6,5%          | 8,1%          | 8,5%          |
| Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar           | 62,8%         | 66,7%         | 66,5%         | 58,3%         | 55,1%         |

**Tafla 12: Efnahagsreikningur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)**

|                                    | 2019             | 2018             | 2017             | 2016             | 2015             |
|------------------------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| Handbært fé og innstæður hjá Sí    | 146.638          | 135.056          | 189.045          | 275.453          | 216.760          |
| Lán til lánastofnana               | 54.376           | 41.577           | 26.617           | 17.645           | 35.534           |
| Lán til viðskiptavina              | 899.632          | 846.599          | 755.175          | 687.840          | 665.711          |
| Hlutabréf                          | 18.426           | 13.074           | 10.177           | 10.626           | 18.320           |
| Skuldabréf                         | 52.870           | 69.415           | 27.090           | 31.256           | 78.606           |
| Aðrir fjármálagerningar            | 5.621            | 4.550            | 2.896            | 1.953            | 1.981            |
| Aðrar eignir                       | 21.927           | 20.132           | 24.822           | 22.781           | 28.857           |
| <b>Samtals eignir</b>              | <b>1.199.490</b> | <b>1.130.403</b> | <b>1.035.822</b> | <b>1.047.554</b> | <b>1.045.769</b> |
| Skuldir við innlánsstofnanir       | 30.925           | 15.619           | 11.189           | 4.922            | 25.631           |
| Innlán frá viðskiptavinum          | 618.313          | 578.959          | 567.029          | 594.187          | 593.245          |
| Lántaka                            | 306.381          | 300.976          | 217.748          | 212.468          | 150.308          |
| Víkjandi lán                       | 22.674           | 16.216           | 9.505            | 0                | 19.517           |
| Aðrar skuldir                      | 41.135           | 42.320           | 49.306           | 57.052           | 54.841           |
| <b>Samtals skuldir</b>             | <b>1.019.428</b> | <b>954.090</b>   | <b>854.777</b>   | <b>868.629</b>   | <b>843.542</b>   |
| Eigið fé hluthafa                  | 177.634          | 173.995          | 178.566          | 174.702          | 198.290          |
| Eigið fé minnihluta                | 2.428            | 2.318            | 2.479            | 4.223            | 3.937            |
| <b>Samtals eigið fé</b>            | <b>180.062</b>   | <b>176.313</b>   | <b>181.045</b>   | <b>178.925</b>   | <b>202.227</b>   |
| <b>Samtals skuldir og eigið fé</b> | <b>1.199.490</b> | <b>1.130.403</b> | <b>1.035.822</b> | <b>1.047.554</b> | <b>1.045.769</b> |

## ■ Landsbankinn

Bókhaldsleg afkoma Landsbankans lækkaði á milli áráanna 2018 og 2019 og nam hagnaður 18,3 ma.kr. árið 2019 samanborið við hagnað upp á 19,3 ma.kr. árið áður. Hreinar vaxtatekjur lækkuðu um 1,0 ma.kr. á milli ára. Þjónustutekjur stóðu í stað en virðisbreyting fór úr því að vera jákvæð um 1,4 ma.kr. yfir í að vera neikvæð um 4,8 ma.kr. Aðrar rekstrartekjur hækkuðu um 5,0 ma.kr. Afkoma bankans af reglulegum rekstri eftir skatta nam 19,0 ma.kr. á árinu 2019 samanborið við 20,0 ma.kr. árið 2018. Arðsemi reglulegs rekstrar var 7,8% en var 8,2% árið 2018. Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar var 50,1% en var 48,9% á árinu 2018. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna var 2,9% og lækkar frá fyrra ári þegar hann var 3,2%.

**Tafla 13: Reglulegur rekstur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)**

|  | 2019          | 2018          | 2017          | 2016          | 2015          |
|--|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Hreinar vaxtatekjur                              | 39.670        | 40.814        | 36.271        | 34.650        | 32.324        |
| Hreinar þjónustutekjur                           | 8.219         | 8.157         | 8.431         | 7.809         | 6.841         |
| <b>Samtals reglulegar tekjur</b>                 | <b>47.889</b> | <b>48.971</b> | <b>44.702</b> | <b>42.459</b> | <b>39.165</b> |
| Laun og launatengd gjöld                         | 14.458        | 14.589        | 14.061        | 14.049        | 13.754        |
| Annar rekstrarkostnaður                          | 7.085         | 7.150         | 7.794         | 7.586         | 8.061         |
| Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna | 1.334         | 879           | 718           | 611           | 663           |
| Framlag í Tryggingarstjóð innstæðueigenda        | 1.115         | 1.319         | 1.277         | 1.268         | 1.254         |
| <b>Samtals reglulegur kostnaður</b>              | <b>23.992</b> | <b>23.937</b> | <b>23.850</b> | <b>23.514</b> | <b>23.732</b> |
| <br>   |               |               |               |               |               |
| Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta        | 23.897        | 25.034        | 20.852        | 18.945        | 15.433        |
| Afkoma af reglulegum rekstri eftir skatta        | 19.118        | 20.027        | 16.682        | 15.156        | 12.346        |
| <br>   |               |               |               |               |               |
| Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatta          | 9,8%          | 10,3%         | 8,4%          | 7,3%          | 6,0%          |
| Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatta          | 7,8%          | 8,2%          | 6,7%          | 5,9%          | 4,8%          |
| <br>   |               |               |               |               |               |
| Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar             | 50,1%         | 48,9%         | 53,4%         | 55,4%         | 60,6%         |

Hlutfallslega hefur vægi fjármunatekna verið mun hærra hjá Landsbankanum en hinum bönkunum, enda bindur hann mun hærra hlutfall eigna sinna í fjármálagerningum. Þetta hlutfall hefur þó lækkað verulega og í lok árs 2019 námu fjármálagerningar 10,4% af heildareignum bankans en voru 7,7% í lok árs 2018. Fjármunatekjur Landsbankans hækkuðu umtalsvert á milli ára og námu 8,0 ma.kr. á árinu 2019 en voru 1,7 ma.kr. á árinu 2018. Arðsemi kjarnarekstar eftir reiknaða skatta var 10,5% á árinu 2019 en var 8,8% árið 2018.

**Tafla 14: Kjarnarekstur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)**

|  | 2019          | 2018          | 2017          | 2016          | 2015          |
|--|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatt   | 23.897        | 25.034        | 20.852        | 18.945        | 15.433        |
| Hreinar fjármunatekjur                     | 7.993         | 1.654         | 5.802         | 1.755         | 12.726        |
| <b>Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt</b> | <b>31.890</b> | <b>26.688</b> | <b>26.654</b> | <b>20.700</b> | <b>28.159</b> |
| <b>Afkoma af kjarnarekstri eftir skatt</b> | <b>25.512</b> | <b>21.350</b> | <b>21.323</b> | <b>16.560</b> | <b>22.527</b> |
| Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt         | 13,1%         | 11,0%         | 10,7%         | 8,0%          | 10,9%         |
| Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt         | 10,5%         | 8,8%          | 8,6%          | 6,4%          | 8,7%          |
| Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar           | 42,9%         | 47,3%         | 47,2%         | 53,2%         | 45,7%         |

**Tafla 15: Efnahagsreikningur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)**

|                                    | 2019             | 2018             | 2017             | 2016             | 2015             |
|------------------------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| Handbært fé og innstæður hjá Sí    | 69.062           | 70.854           | 55.192           | 30.662           | 25.164           |
| Lán til lánastofnana               | 47.929           | 71.385           | 44.866           | 20.408           | 20.791           |
| Lán til viðskiptavina              | 1.140.184        | 1.064.532        | 925.636          | 853.417          | 811.549          |
| Hlutabréf                          | 30.019           | 23.547           | 27.980           | 26.688           | 29.192           |
| Skuldabréf                         | 115.262          | 77.058           | 117.310          | 154.892          | 203.684          |
| Aðrir fjármálagerningar            | 2.694            | 1.923            | 1.905            | 278              | 287              |
| Aðrar eignir                       | 21.178           | 16.742           | 19.981           | 24.812           | 27.991           |
| <b>Samtals eignir</b>              | <b>1.426.328</b> | <b>1.326.041</b> | <b>1.192.870</b> | <b>1.111.157</b> | <b>1.118.658</b> |
| Skuldir við innlánsstofnanir       | 48.062           | 34.609           | 32.062           | 20.093           | 56.731           |
| Innlán frá viðskiptavinum          | 707.813          | 693.043          | 605.158          | 589.725          | 559.051          |
| Lántaka                            | 373.168          | 314.412          | 281.874          | 223.944          | 209.344          |
| Víkjandi lán                       | 19.081           | 13.340           | 77               | 388              | 639              |
| Aðrar skuldir                      | 30.470           | 31.027           | 27.642           | 25.776           | 28.362           |
| <b>Samtals skuldir</b>             | <b>1.178.594</b> | <b>1.086.431</b> | <b>946.813</b>   | <b>859.926</b>   | <b>854.127</b>   |
| Eigið fé hluthafa                  | 247.734          | 239.610          | 246.057          | 251.204          | 264.501          |
| Eigið fé minnihluta                | 0                | 0                | 0                | 27               | 30               |
| <b>Samtals eigið fé</b>            | <b>247.734</b>   | <b>239.610</b>   | <b>246.057</b>   | <b>251.231</b>   | <b>264.531</b>   |
| <b>Samtals skuldir og eigið fé</b> | <b>1.426.328</b> | <b>1.326.041</b> | <b>1.192.870</b> | <b>1.111.157</b> | <b>1.118.658</b> |

## ■ Sparisjóður Austurlands hf.

Sparisjóður Austurlands hf. skilaði bókhaldslegri afkomu eftir skatt að fjárhæð 55,3 m.kr. á árinu 2019 en sjóðurinn skilaði 69,8 m.kr. í hagnað árið áður en þá var einkiptishagnaður að fjárhæð 69,4 m.kr. færður til tekna í tengslum við niðurlagningu Tryggingasjóðs sparisjóða.

Heildareignir sjóðsins námu í árslok 2019 7.016,1 m.kr. en voru 6.714,9 m.kr. í árslok 2018 og jukust því um 354,0 m.kr. á milli ára. Bókfært eigið fé sjóðsins í lok árs nam 922,0 m.kr. og eiginfjárlutfall sjóðsins reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 24,6%. Til samanburðar nam eigið fé sjóðsins 866,7 m.kr. á síðasta ári og eiginfjárlutfallið þá 26,1%. Eiginfjárfrafan sem Fjármálaeftirlitið gerir til sjóðsins út frá SREP ferli var 20,4% með eiginfjárafukum m.v. árslok 2019.

Hluthafar voru 93 í lok árs og nam hlutfé sparisjóðsins 700,9 m.kr. Bankasýsla ríkisins fer með 49,5% hlutfjár og skipar tvo aðalmenn og einn varamann.

Hreinar vaxtatekjur voru 262,4 m.kr. og hækkuðu um 19,3 m.kr. á milli ára eða um 8%. Vaxtamunur sjóðsins hækkar úr 3,72% í 3,82%. Hreinar þjónustutekjur námu 35,0 m.kr. en voru 33,8 m.kr. árið áður. Aðrar rekstrartekjur námu 36,0 m.kr. en voru 82,3 m.kr. árið á undan og skýrist munurinn af niðurlagningu Tryggingasjóðs sparisjóða eins og kom fram hér á undan.

Launakostnaður hækkar á milli ára og er 103,9 m.kr. en var 91,4 m.kr. árið áður og hækkar því um 13,6% á milli ára. Á árinu störfuðu 6,9 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum. Annar rekstrarkostnaður lækkar og var 151,8 m.kr. en var 159,4 m.kr. árið áður.

Afkoma reglulegs rekstrar eftir skatt var 34,9 m.kr. en var 27,3 m.kr. árið áður.

Kostnaðarlutfall var 78,0% en kostnaðarlutfall reglulegs rekstrar var 85,6%. Sambærilegar tölur frá fyrra ári voru 71,0% og 88,2%. Kostnaður á móti meðalstöðu heildareigna var 3,8% en var 3,9% árið áður.



**Tafla 16: Reglulegur rekstur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.)**

|  | 2019           | 2018           | 2017           | 2016           | 2015           |
|--|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Hreinar vaxtatekjur                              | 262.388        | 243.062        | 245.513        | 256.236        | 211.245        |
| Hreinar þjónustutekjur                           | 34.977         | 33.824         | 30.989         | 33.006         | 33.163         |
| Aðrar rekstrartekjur                             | 6.330          | 12.145         | 12.582         | 22.082         | 19.421         |
| <b>Samtals reglulegar tekjur</b>                 | <b>303.695</b> | <b>289.031</b> | <b>289.084</b> | <b>311.324</b> | <b>263.829</b> |
| Laun og launatengd gjöld                         | 103.863        | 91.402         | 88.497         | 83.070         | 76.789         |
| Annar rekstrarkostnaður                          | 151.802        | 159.384        | 164.743        | 144.213        | 131.676        |
| Afskriftir rekstrarfjármuna                      | 4.366          | 4.117          | 5.075          | 3.824          | 3.824          |
| <b>Samtals reglulegur kostnaður</b>              | <b>260.031</b> | <b>254.903</b> | <b>258.315</b> | <b>231.107</b> | <b>212.289</b> |
| <b>Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatta</b> | <b>43.664</b>  | <b>34.128</b>  | <b>30.769</b>  | <b>80.217</b>  | <b>51.540</b>  |
| <b>Afkoma af reglulegum rekstri eftir skatta</b> | <b>34.931</b>  | <b>27.302</b>  | <b>24.615</b>  | <b>64.174</b>  | <b>41.232</b>  |
| Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatt           | 4,1%           | 4,1%           | 3,9%           | 10,6%          | 7,2%           |
| Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatt           | 3,9%           | 3,3%           | 3,1%           | 8,5%           | 5,8%           |
| Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar             | 85,6%          | 88,2%          | 89,4%          | 74,2%          | 80,5%          |

**Tafla 17: Kjarnarekstur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.)**

|  | 2019          | 2018          | 2017          | 2016          | 2015          |
|--|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Afkoma af reglulegum rekstri fyrir skatt   | 43.664        | 34.128        | 30.769        | 80.217        | 51.540        |
| Fjármunatekjur                             | 0             | -198          | -197          | 3.768         | -6.156        |
| <b>Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt</b> | <b>43.664</b> | <b>30.572</b> | <b>83.985</b> | <b>45.384</b> | <b>82.437</b> |
| <b>Afkoma af kjarnarekstri eftir skatt</b> | <b>34.931</b> | <b>24.458</b> | <b>67.188</b> | <b>36.307</b> | <b>65.950</b> |
| Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt         | 4,1%          | 4,1%          | 3,9%          | 11,1%         | 6,4%          |
| Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt         | 3,9%          | 3,3%          | 3,1%          | 8,9%          | 5,1%          |
| Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar           | 85,6%         | 88,3%         | 89,4%         | 73,3%         | 82,4%         |

**Tafla 18: Efnahagsreikningur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.)**

|                                    | 2019             | 2018             | 2017             | 2016             | 2015             |
|------------------------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| Sjóður og innstæður í Sí           | 1.819.324        | 2.316.956        | 2.119.326        | 2.129.958        | 2.175.047        |
| Útlán til lánastofnana             | 36.564           | 43.416           | 34.527           | 54.791           | 270.575          |
| Útlán til viðskiptavina            | 4.995.435        | 4.135.138        | 3.979.877        | 3.703.077        | 3.214.274        |
| Fullnustueignir                    | 3.000            | 21.000           | 54.000           | 62.500           | 100.000          |
| Skuldabréf                         | 0                | 0                | 0                | 30.052           | 33.246           |
| Hlutabréf                          | 9.526            | 9.526            | 4.555            | 4.555            | 17.333           |
| Hlutdeildarfélag                   | 0                | 0                | 0                | 0                | 0                |
| Aðrar eignir                       | 152.286          | 186.833          | 168.566          | 190.064          | 247.287          |
| <b>Eignir samtals</b>              | <b>7.016.135</b> | <b>6.714.887</b> | <b>6.360.851</b> | <b>6.174.997</b> | <b>6.057.762</b> |
| Innlán viðskiptavina               | 6.033.535        | 5.768.152        | 5.513.526        | 5.303.395        | 5.266.364        |
| Lántaka                            | 0                | 0                | 0                | 0                | 0                |
| Víkjandi lán                       | 0                | 0                | 0                | 0                | 0                |
| Aðrar skuldir                      | 60.560           | 80.022           | 50.408           | 84.908           | 64.668           |
| <b>Skuldir samtals</b>             | <b>6.094.095</b> | <b>5.848.174</b> | <b>5.563.934</b> | <b>5.388.303</b> | <b>5.331.032</b> |
| Hlutafé                            | 700.887          | 700.887          | 700.887          | 700.887          | 700.887          |
| Lögbundinn varasjóður              | 22.116           | 16.583           | 9.603            | 8.581            | 2.584            |
| Óráðstafað eigið fé                | 199.037          | 149.243          | 86.426           | 77.227           | 23.259           |
| <b>Eigið fé samtals</b>            | <b>922.040</b>   | <b>866.713</b>   | <b>796.916</b>   | <b>786.695</b>   | <b>726.730</b>   |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b> | <b>7.016.135</b> | <b>6.714.887</b> | <b>6.360.850</b> | <b>6.174.998</b> | <b>6.057.762</b> |

**Tafla 19: Lykiltölur Sparisjóðs Austurlands hf. (fjárhæðir í þús. kr.)**

|   | 2019      | 2018      | 2017      | 2016      | 2015      |
|---|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Bókhaldsleg afkoma eftir skatt          | 55.327    | 69.796    | 10.222    | 59.964    | 25.843    |
| Arðsemi bókhaldslegrar afkomu e. skatt  | 6,2%      | 8,4%      | 1,3%      | 7,9%      | 3,6%      |
| Vaxtamunur                              | 3,8%      | 3,7%      | 3,9%      | 4,2%      | 3,6%      |
| Kostnaður/Meðalstaða heildareigna       | 3,8%      | 3,9%      | 4,1%      | 3,8%      | 3,6%      |
| Kostnaðarhlutfall bókhaldslegrar afkomu | 78,0%     | 71,0%     | 89,3%     | 73,4%     | 81,3%     |
| CAD eiginfjárlutfall                    | 24,6%     | 26,1%     | 24,9%     | 23,1%     | 23,0%     |
| Heildareignir                           | 7.016.135 | 6.714.887 | 6.360.850 | 6.174.998 | 6.057.762 |